HARALDUR ÞÓR TEITSSON

Æfði stíft áður en hann gekk um Bezengi-dal

• heilsa • nám

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

NEYTANDINN

Sparnaðarráð og bann við lífsgæðakapphlaupi

sérblað um neytendamál

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

Fórnarlamb falsara

Prakkari hótar dagsektum vegna ósnyrtilegs útlits borgarbúa

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. september 2008 — 259. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Í víking um Vesturland

Beggi og Pacas kenna íbúum á Vesturlandi að elda með hjartanu í vikunni.

FÓLK 30

Bylting í flugkennslu

Keilir kaupir fimm nýjar kennsluflugvélar af fullkomnustu gerð.

TÍMAMÓT 18

Á skjön við Norðurlönd

Sjónarmið Jóhanns R. Benediktssonar og Stefáns Eiríkssonar eru gagnstæð þróuninni á Norðurlöndum, skrifar Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn.

UMRÆÐAN 17

Lögfræðingur í málinu

Keflvíkingar eru svekktir með að FH notaði ólöglegan leikmann í stærsta leik ársins.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUSAMT Í dag verða suðlægar áttir ríkjandi, víða 3-8 m/s. Bætir í vind vestantil í kvöld. Þurrt að mestu austan til en annars rigning með köflum. Hiti víða á bilinu 7-14 stig.

VEÐUR 4

RÖLT Í RIGNINGUNNI Gott er að vera vel búinn þegar haustlægðirnar ganga yfir. Veðurspár gera ráð fyrir áframhaldandi regni á höfuðborgarsvæðinu næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Evra ekki tekin upp án ESB-aðildar

Framkvæmdastjóri stækkunarmála ESB segir aðild að sambandinu forsendu þess að ríki taki upp evru. Íslenska Evrópunefndin fundar á morgun með framkvæmdastjóra efnahags- og peningamála.

BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ „Evra verður aðeins tekin upp með aðild að Evrópusambandinu."

Þetta sagði Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála Evrópusambandsins, í samtali við Fréttablaðið í Brussel í gær.

Rehn sagðist jafnframt telja að ef íslensk stjórnvöld tækju ákvörðun um að sækja um aðild að sambandinu myndu samningaviðræður geta tekið skamman tíma, jafnvel innan við eitt ár, þar sem Ísland hefði þegar innleitt bróðurpart regluverks Evrópusambandsins með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

Að loknum fundi Evrópunefndar stjórnvalda með Rehn í gær voru formenn nefndarinnar, þingmennirnir Illugi Gunnarsson Sjálfstæðisflokki og Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sammála um að Rehn hefði talað skýrt.

„Hann var afskaplega skýr varðandi tvíhliðaupptöku evrunnar og sagði að fyrir því væri hvorki pólitískur vilji né vilji meðal embættismanna og að við ættum ekki að eyða tíma í þessa leið," segir Ágúst Ólafur.

Á hinn bóginn svaraði Rehn fáu um hvort í veginum væru lagalegar hindranir fyrir upptöku evru með sérstöku samkomulagi við Evrópusambandið. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur ekkert í lagaverki sambandsins mæla gegn slíku. Verður sú hlið málsins rædd á fundi nefndarinnar með Joaquín Almunia, framkvæmdastjóra efnahags- og peningamála, á morgun.

Illugi Gunnarsson segir nefndina einmitt vilja átta sig á hvort lagalegar hindranir séu fyrir evru-upptöku án ESB-aðildar. Það verði fyrst og fremst rætt við Almunia. „Viðbrögð Olli Rehn koma ekki á óvart, við höfum heyrt þetta áður. En ef þetta er lagatæknilega hægt þá snýst málið um pólitík," segir Illugi.

Evrópunefnd stjórnvalda er í Brussel til að afla sér upplýsinga um margt sem lýtur að starfsemi Evrópusambandsins, regluverki og samskiptum þess við Ísland. Í nefndinni sitja fulltrúar stjórnmálaflokkanna, verkalýðshreyfingarinnar, atvinnu- og viðskiptalífsins.

- bþs

EVRUVÆÐINGIN ER HAFIN

Sú óformlega evruvæðing sem hafin er hér á landi er varhugaverð að mati Friðriks Más Baldurssonar prófessors við Háskólann í Reykjavík. „Nú er um fjórðungur af skuldum heimilanna við bankakerfið í erlendri mynt og yfir sjötíu prósent af skuldum fyrirtækja. Bankarnir hafa tryggt sig gegn sveiflum í gengi krónunnar, en búa óhjákvæmilega við meiri útlánaáhættu. Evruvæðingin grefur því undan fjármálalegum stöðugleika og er raunar að flestu leyti neikvæð fyrir hagkerfið," segir Friðrik Már.

- bih / sjá síðu 8

Aron Gunnarsson hjá Coventry City:

Vill hafa mömmu hjá sér

FÓLK Landsliðsmaðurinn Aron Gunnarsson, sem leikur með 1. deildar liði Coventry City í Englandi, hefur flutt móður sína til Englands. Ástæðan er einföld: Hún heldur honum frá freistingum.

Í frétt sundaymercury.net er til þess tekið að Aron sé harðnagli á vellinum en sé ekki hræddur við að sýna á sér mjúku hliðina og senda eftir mömmu til að sjá um eldamennsku og þvotta. „Mamma [er] hérna hjá mér til að sjá um mig, mér líkar það vel."

- shá

10% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn

Nýr Staðarskáli verður opnaður á fimmtudagsmorgun vestanmegin í Hrútafirði:

Draugarnir verða skildir eftir

FÓLK „Ég á ekki von á að það verði neinar meiri háttar breytingar á matseðlinum. Það hefur gefist vel að bjóða upp á þrjár tegundir af heimilismat. Kúnnunum líkar það vel," segir Sveinn Friðfinnsson, kokkur í Staðarskála. Á fimmtudaginn hefst nýr kafli í vegamenningu Íslands þegar nýr Staðarskáli verður opnaður vestanmegin í Hrútafirði. Gamla Staðarskála – sem kallaður hefur verið „miðja Íslands" – verður lokað kvöldinu áður og má búast við tregafullri kveðjustund. Veitingasala hófst í Staðarskála árið 1960, en í 31 ár á undan hafði verið þar olíusala. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað verður um gamla húsnæðið.

Sveinn kokkur hefur unnið í Staðarskála í um tólf ár. Flutningarnir hafa talsverðar breytingar í för með sér fyrir hann. „Ég sef í kjallaranum, einn í húsinu. Eða ekki alveg einn. Það eru góðar vættir með mér, sumir myndu kalla það drauga. En ég er hræddur um að ég fái þá ekki til að flytja í nýja húsið."

- drg / sjá síðu 24

SÍÐUSTU DAGARNIR Á GAMLA STAÐNUM Sveinn Friðfinnsson, kokkur í Staðarskála, eldar í næstsíðasta sinn í gamla skálanum í dag. Á fimmtudagsmorgun verður nýr Staðarskáli opnaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPURNING DAGSINS

Sveinn, er þetta jurt til að hampa?

„Já, menn mega hampa jurtinni en ekki láta jurtina hampa sér.“

Sveinn Elías Jónsson, bóndi í Kálfskinni í Eyjafirði, ræktar hamp með góðum árangri.

Forsetaheimsókn til Katar skilar sér í sölu á fimm prósenta hlut í Kaupþingi:

Milljarðar frá Mið-Austurlöndum

VIÐSKIPTI „Við erum mjög ánægðir með að fá hans hátign sem hluthafa í bankann,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, um kaup sjeik Mohameds bin Khalifa Al-Thani á rétt rúmum fimm prósenta hlut í bankanum. Kaupverð nemur 25,5 milljörðum króna.

Hreiðar bendir á að Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, hafi farið ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, í opinbera heimsókn til Katar í byrjun árs þar sem íslensk orku- og fjármálafyrirtæki hafi verið kynnt fyrir þarlendum ráðamönnum. Þá komu fulltrúar frá Katar hingað til lands um mitt ár og funduðu með forsetanum. „Þessar heimsóknir hjálpuðu klárlega til,“ segir Hreiðar.

FORSETI ÍSLANDS Stjórnarformaður Kaupþings segir heimsóknina til Katar ásamt forseta Íslands tvímælalaust hafa hjálpað til.

Hann segir sömuleiðis að Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Alfesca, hafi átt stóran hlut að máli en hann hafi átt samskipti við menn í Katar í mörg ár.

Talsverð tengsl eru á milli Alfesca og Kaupþings. Ólafur, sem er stærsti hluthafi Alfesca, er með stærstu hluthöfum Kaupþings. Kaupþing er svo aftur næststærsti hluthafi Alfesca. Al-Thani keypti 12,6 prósenta hlut í Alfesca í júní.

Al-Thani er umsvifamesti erlendi fjárfestirinn hér en markaðsverðmæti hluta hans í báðum félögum nemur rúmum 32 milljörðum króna. - jab / sjá síðu 13

Skjalafals og auðgunarbrot:

Framkvæmdastjóri í farbanni

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær farbannsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir fyrrverandi framkvæmdastjóra Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna.

Maðurinn hefur sætt farbanni í sautján mánuði, lengur en nokkur annar, en samkvæmt úrskurði gærdagsins er farbannið framlengt til 11. nóvember.

Maðurinn er sakaður um skjalafals og auðgunarbrot og telur Ríkissaksóknari meðal annars að brot mannsins geti leitt til þess að ábyrgðir fyrir um 200 milljónir Bandaríkjadala verði bindandi fyrir verðbréfasjóðinn. - ovd

JÓHANNES KARL KRISTJÁNSSON Jóhannes Karl Kristjánsson er tæknimaður hjá Bylgjunni og Stöð 2 en ekki fréttamaður hjá Kompás.

Kompás-umfjöllun:

Rangur maður fær hótanir

FÓLK **„Það þýðir ekkert að segja honum að ég sé ekki Kompásmaðurinn. Hann tekur það ekki sem gilt og heldur að ég sé að ljúga að honum,“ segir Jóhannes Karl Kristjánsson, nafni Jóhannesar Kristjáns Kristjánssonar úr fréttaskýringaþættinum Kompási.**

Ókunnugur maður hringdi þrisvar í Jóhannes Karl í fyrradag og hótaði honum öllu illu. Hið sama gekk reyndar yfir hinn rétta Jóhannes og athafnamanninn Ragnar Magnússon, sem grunar Benjamín Þ. Þorgrímsson um verknaðinn. Í Kompási í gærkvöldi var fjallað um handrukkara og átök sem áttu sér stað á milli Benjamíns og Ragnars í sumar. Benjamín fór fram á lögbann á þáttinn en Sýslumaðurinn í Reykjavík hafnaði þeirri kröfu. Eftir það tóku hótanirnar að berast, þar á meðal til hins blásaklausa Jóhannesar Karls. - fb / sjá síðu 30

KENNARAR LAUGARNESSKÓLA Keyptu aðeins helstu nauðsynjar í tvo mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kennarar í Laugarnesskóla:

Sjálfskipað verslunarbann

FÓLK „Að sjálfsögðu keyptum við mat og allar helstu nauðsynjar, þetta var ekkert meinlætalíf,“ segir Rúna Björg Garðarsdóttir, kennari í Laugarnesskóla, sem fór í verslunarbann í tvo mánuði ásamt nokkrum samkennurum sínum við upphaf ársins 2007.

Kveikjan var Compact-hópurinn í San Francisco sem er hópur fólks sem fór í verslunarbann í eitt ár og keypti aðeins nauðsynjavörur, en reyndi að öðru leyti að endurnýta. „Við fórum út í þetta aðallega vegna umhverfissjónarmiða, þótt sumir hafi líka séð þetta sem leið til að spara,“ segir Rúna Björg sem segist mun meðvitaðri um innkaupin í dag.

- hs / sjá sérblaðið Neytandinn

CROWN PRINCESS Skipið er 116 þúsund tonn og auk 3.000 farþega eru um borð 1.200 manna áhöfn. Allar hugsanlegar lífsins lystisemdir eru fáanlegar um borð. MYND/CROWN PRINCESS

Válynd veður hrekja risaskip frá landinu

Eitt stærsta farþegaskip heims kemur ekki til hafnar í Reykjavík á morgun vegna veðurs. Ferðaþjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús verða af tugum milljóna. Um borð eru 3.000 farþegar frá Bandaríkjunum á leið til Evrópu.

FERÐAÞJÓNUSTA Crown Princess, eitt stærsta og glæsilegasta skemmtiferðaskip veraldar, hefur afboðað komu sína til landsins vegna veðurs. Um borð eru þrjú þúsund amerískir ferðamenn. Tap ferðaþjónustufyrirtækja, verslana og veitingahúsa á Suðvesturlandi nemur tugum milljóna.

Crown Princess átti að koma til hafnar í Reykjavík með morgni en vegna slæms veðurútlits hefur ferðaskrifstofunni Atlantik verið tilkynnt að ekkert verði af því. Atlantik hefur með höndum alla umsýslu vegna komu skipsins og ljóst er að ferðaþjónustufyrirtæki, verslanir og veitingastaðir verða af miklum tekjum.

Ólöf Sveinsdóttir, deildarstjóri skipadeildar Atlantik, segir að Crown Princess sé eitt allra stærsta og best búna skemmtiferðaskip heims en í sumar hafi komu fjögurra skemmtiferðaskipa verið aflýst. Hvert slíkt tilvik er áfall en þetta tilvik þó sýnu stærst. „Um 1.600 farþegar af þeim 3.000 sem eru um borð ætluðu að fara í ferðir skipulagðar af okkur. Undir þennan hóp vorum við búin að panta um fjörutíu rútur, tíu jeppabifreiðir og fjölda leiðsögumanna. Um 700 manns ætluðu að borða hádegismat og þiggja kaffiveitingar. Svo er það grillmatur fyrir stóran hóp í Þórsmörk og svona get ég haldið lengi áfram.“

> Um 1.600 farþegar af þeim 3.000 sem eru um borð ætluðu að fara í ferðir skipulagðar af okkur.
>
> **ÓLÖF SVEINSDÓTTIR**
> DEILDARSTJÓRI SKIPADEILDAR ATLANTIK

Ólöf treystir sér ekki til að meta hversu mikið fjárhagslegt tap fyrirtækisins sé vegna afboðunar skipsins en viðurkennir að höggið sé þungt. Eftir stutta fyrirgrennslan Fréttablaðsins er óhætt að áætla að hver farþegi skilji eftir tíu til fimmtán þúsund krónur eftir eins dags dvöl. Því verður ferðaþjónustan af 30 til 45 milljóna króna tekjum á þessum eina miðvikudegi, en skipið átti að leggja úr höfn að nýju að kvöldi dags.

Ólöf bendir á að fjölmargir aðilar sjái á bak góðum gestum. Hópur af skipinu ætlaði að heimsækja söfn á höfuðborgarsvæðinu og suður með sjó. Bláa lónið tapi miklu auk þess sem verslanir í miðbæ Reykjavíkur missi af 1.200 ferðalöngum með mikla kaupgetu úr verslun sem ætluðu ekki í hópferðir. Ótalinn er tekjumissir þjónustufyrirtækja við þekkta staði eins og Gullfoss og Geysi, auk hvalaskoðunarfyrirtækja.

svavar@frettabladid.is

Lögreglumaður í 10-11:

Ákærður fyrir líkamsárás

DÓMSMÁL **Lögreglumaður hefur verið ákærður fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa tekið ungan pilt kverkataki í verslun 10-11 í Grímsbæ í lok maí. Málið var þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þar sem lögreglumaðurinn neitaði sök.**

Maðurinn hafði afskipti af sautján ára pilti eftir að tilkynnt hafði verið um þjófnað á vöru úr versluninni. Í ákæru segir að þegar pilturinn neitaði að tæma vasa sína hafi lögreglumaðurinn gripið hann kverkataki, svo átök hlutust af. Síðan hafi lögreglumaðurinn snúið piltinn niður í gólfið og handjárnað hann. Pilturinn hlaut áverka við aðfarirnar. Lögmaður hans gerir kröfu um skaðabætur að upphæð 400 þúsund krónur. - jss

Hráolíuverð hækkar:

Mesta hækkun frá upphafi

EFNAHAGSMÁL Verð á hráolíu hækkaði um 16,37 dali tunnan á mörkuðum í gær og er það mesta hækkun á olíuverði á einum degi.

Verð á tunnu fór í 120,92 dali. Ástæður verðhækkunarinnar eru meðal annars sagðar vera vegna áhyggjum miðlara af eftirspurn þar sem olíuframleiðsla á Mexíkóflóa er enn skert eftir fellibylinn Ike auk þess sem Sádi-Arabar hafa dregið úr framleiðslu sinni. Þá telja miðlarar einnig að boðaðar aðgerðir bandarískra stjórnvalda til aðstoðar fjármálastofnunum muni leiða til aukinna umsvifa í hagkerfinu sem auka muni eftirspurn eftir olíu. - ovd

SUÐUR-AFRÍKA

Fundu risademant

Risademantur, sem verður nokkurra milljarða króna virði eftir slípun, fannst í námu í Lesotho í Suður-Afríku. Steinninn er 478 karöt og mun vera einn stærsti demantur sem fundist hefur. Slípaður verður steinninn meðal þeirra stærstu sinnar tegundar í heiminum.

Lögreglufélag Reykjavíkur logar í illdeilum vegna ummæla formanns félagsinsv:

Stjórnendur segja sig úr lögreglufélaginu

LÖGGÆSLUMÁL Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra, sagði sig í gær úr Lögreglufélagi Reykjavíkur (LR). Það gerði einnig yfirmaður sérsveitar Ríkislögreglustjóra. Talið var að fleiri hjá embættinu myndu skila inn úrsögnum í gærkvöld.

Í tölvupósti sem Jón sendi til Óskars Sigurpálssonar, formanns lögreglufélagsins, og allra annarra félagsmanna þess kvaðst Jón hafa verið í félaginu frá 1979.

„Eftir að hafa hlustað á ummæli þín í fréttum í gærkvöldi lýsi ég yfir vantrausti á þig sem formann félagsins...“ segir í póstinum. Þar er átt við ummæli Óskars, sem sagði meðal annars embætti Ríkislögreglustjóra að mörgu leyti tilraun sem hefði misheppnast. Jafnframt að of mörgum verkefnum hefði verið ýtt til embættisins eða ...þeir sölsað undir sig.“

„Að formaður félagsins komi fram með þessum hætti og efni til illdeilna innan lögreglunnar og blandi sér í hagsmunapot einstakra lögreglustjóra sem skaðar hluta félagsmanna er með öllu óafsakanlegt,“ segir enn fremur í tölvupósti Jóns.

Stjórn LR sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi þess efnis að verkefni stjórnarinnar sé ekki að hafa afskipti af stjórnunarhætti lögreglu á landsvísu og hafi þar af leiðandi aldrei verið rætt á stjórnarfundum þess. „Stjórn félagsins er skipuð mönnum með mismunandi skoðanir og teljum við hvern og einn hafa rétt á að hafa sína persónulega skoðun. Ummæli formanns LR endurspegla því ekki afstöðu stjórnarinnar.“

Aðspurður segist Óskar Sigurpálsson ekki hafa íhugað að segja af sér vegna málsins. - jss

YFIRLÖGREGLUÞJÓNN HJÁ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA Jón Bjartmarz sendi formanni Lögreglufélags Reykjavíkur og félagsmönnum tölvupóst þar sem hann lýsti vantrausti á formanninn og sagði sig úr félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Safnaðu því sem þú vilt...

spron
– bankinn þinn

*Nafnávöxtun miðast við 1. sept. 2007 til 1. sept. 2008. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

ARGUS / 08-0395

GENGIÐ 22.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	89,11	89,53
Sterlingspund	164,42	165,22
Evra	130,05	130,77
Dönsk króna	17,431	17,533
Norsk króna	15,921	16,015
Sænsk króna	13,649	13,729
Japanskt jen	0,8388	0,8438
SDR	139,86	140,7

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 170,3129

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsetakjör ASÍ getur hugsanlega seinkað samráði við stjórnvöld:

Vilji til að hefja endurskoðun

VINNUMARKAÐUR Forystumenn innan Alþýðusambandsins, ASÍ, telja hugsanlegt að samráði við stjórnvöld, eða viðræðum út af svokallaðri þjóðarsátt, geti seinkað vegna yfirvofandi forsetakjörs ASÍ sem fer fram á ársfundi samtakanna 23.-24. október. Sömuleiðis að félög með lausa samninga í byrjun október bíði fram yfir forsetakjörið.

Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri Afls starfsgreinafélags, segir að forystumenn innan ASÍ hafi nú um nokkurt skeið kallað eftir samráði við stjórnvöld og lítil viðbrögð fengið. Samtök atvinnulífsins, SA, hafi nýverið kynnt hugmyndir, meðal annars um að flýta endurskoðun kjarasamninga, sem ekki hafi verið kynntar út í félögin.

SVERRIR ALBERTSSON

AÐALSTEINN BALDURSSON

„Ef menn eru að horfa á ársfund ASÍ þá er tíminn naumur. Ég sé heldur ekki að menn taki afdrifaríkar ákvarðanir á næstu þremur vikum," segir Sverrir og telur óheppilegt að einstaka hópar fari fram með verkföllum og fjöldauppsögnum og knýi fram hækkanir umfram aðra ef kalla á til samráðs.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir að auðvitað hafi forsetakjörið einhver áhrif en ekki afgerandi áhrif og það megi ekki skemma fyrir. Kjarasamningar séu að losna og menn meti stöðuna. Þó að samningar séu lausir í febrúar sé rætt um að hefja endurskoðun núna. Menn vilji ekki að sá hópur sem eigi samninga eftir lokist inni og fái ekki þær kjarabætur sem aðrir hafa fengið.

- ghs

Sameiginlegar heræfingar:

Rússneskur floti til Venesúela

RÚSSLAND, AP Flotadeild úr rússneska sjóhernum lagði af stað til Venesúela í gær. Fyrir henni fer beitiskipið Pétur mikli. Að sögn stjórnvalda í Moskvu er ætlunin að hefja sameiginlegar heræfingar sjóherja Rússlands og Venesúela. Kjarnorkukafbátar og sprengjuflugvélar munu einnig taka þátt í æfingunum.

Rússnesk stjórnvöld hafa í auknum mæli haft samskipti við lönd í Rómönsku Ameríku í kjölfar átaka Rússa og Georgíumanna í síðasta mánuði. Forseti Venesúela, Hugo Chavez, hyggst heimsækja Rússland í vikunni, í annað sinn á tveimur mánuðum.

- kg

Í RÚST Marriott-hótelið í Islamabad er í rúst eftir árásina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslensk kona í Kína fékk mengaða jógúrt

Íslensk móðir með þrjú ung börn í Kína segir að fjölmiðlar þar hafi lítið fjallað um melamínmenguðu mjólkina. Hún henti jógúrt þegar málið kom upp fyrst og kaupir aðeins vörur frá fyrirtækjum sem ekki hafa verið bendluð við málið.

KÍNA Nærri 53 þúsund ungbörn hafa veikst í Kína eftir að hafa drukkið melamínmengaða ungbarnamjólk og þrettán þúsund eru enn á sjúkrahúsi. Tvö ungbörn í Hong Kong hafa verið greind með nýrnasteina. Fjögur ungbörn hafa látist í Kína af völdum melamínmengunar í mjólkurvörum, það fyrsta í vor. Yfirmaður gæðaeftirlits hefur verið neyddur til að segja af sér.

Kristín Aranka Þorsteinsdóttir er móðir þriggja ungra barna og býr fjölskyldan í Peking. Hún segir að ekki hafi heyrst mikið um mjólkurhneysklið í kínverskum fjölmiðlum, China Daily hafi þó eitthvað fjallað um það.

Kristín var nýbúin að kaupa jógúrt frá þeim fyrirtækjum sem hafa verið bendluð við melamínhneysklið, til dæmis Sanlu, Yili og Mengniu, þegar melamín-hneysklið kom upp og henti þeim að sjálfsögðu strax. Hún kaupir nú mjólk frá Sanyiang sem er frá Peking. „Það er sú mjólk sem ég sé í kringum mig," segir hún.

Hún segist kanna daglega á netinu hvaða fyrirtæki hafi verið bendluð við málið og forðist vörur frá þessum fyrirtækjum. „Ég fer bara í litlu hornbúðina mína og þar er öll mjólk í lagi. En ég hef heyrt að maður sjái bara tómar hillur þegar maður fer í stórmarkaðina," segir hún. „Fólk kaupir bara erlenda þurrmjólk og mjólkurvörur sem það heldur að sé treystandi."

Börn Kristínar og eiginmanns hennar eru á aldrinum eins, þriggja og fjögurra ára. Stelpurnar elstu eru á leikskóla og fá þar að borða. „Leikskólarnir eru mjög duglegir að henda út þeim mjólkurvörum sem ekki eru í lagi," segir hún.

TÓMAR HILLUR Í STÓRMÖRKUÐUM Kristín Aranka Þorsteinsdóttir býr í Kína með eiginmanni sínum og þremur ungum börnum. „Ég hef heyrt að maður sjái bara tómar hillur þegar maður fer í stórmarkaðina," segir hún. „Fólk kaupir bara erlenda þurrmjólk og mjólkurvörur sem það heldur að sé treystandi." MYND/ÚR EINKASAFNI

> Það er alltaf sama sagan þegar eitthvað alvarlegt gerist, þá er reynt að hylma yfir.
>
> **KRISTÍN ARANKA ÞORSTEINSDÓTTIR,** MÓÐIR Í KÍNA.

Kristín segir að fólk sé þreytt á því að þagað sé yfir jafn mikilvægu máli og þessu. Mikil reiði sé meðal bloggara. „Það er alltaf sama sagan þegar eitthvað alvarlegt gerist, þá er reynt að hylma yfir," segir hún.

Kristín hefur fylgst með umfjöllun í nýsjálenskum fjölmiðlum og bendir á að melamínmengunin hafi verið í gangi frá því í maí þegar fyrsta barnið hafi dáið. Nýsjálensk stjórnvöld hafi vitað þetta því að Nýsjálendingar eigi í einu af stærstu mjólkurfyrirtækjunum og þau hafi reynt að fá kínversk stjórnvöld til að bregðast við. Kínverjarnir hafi kannski reynt að þagga þetta niður út af Ólympíuleikunum.

ghs@frettabladid.is

Leiðtogaskipti í Japan:

Aso tekur við af Fukuda

JAPAN, AP Taro Aso, fyrrverandi utanríkisráðherra Japans, náði í gær kjöri til formanns japanska stjórnarflokksins, Frjálslynda lýðræðisflokksins. Þar með er nánast tryggt að hann taki við embætti forsætisráðherra síðar í vikunni.

TARO ASO

Fráfarandi forsætisráðherra, Yasuo Fukuda, hefur aðeins verið við völd í ár, en hann boðaði óvænt fyrir þremur vikum að hann vildi víkja úr embætti þar sem sér hefði reynst ókleift að fá þingið til að fylgja efnahagsstefnu sinni eftir. Stjórnarflokkurinn hefur aðeins meirihluta í neðri deildinni og Aso mun því erfa erfiða stöðu með veika ríkisstjórn, pattstöðu á þingi og vaxandi ólgu í efnahagsmálum.

- aa

Sjálfsmorðsárás í Pakistan:

Ekki tilræði við forseta landsins

PAKISTAN, AP Eigandi Mariott-hótelsins í Islamabad í Pakistan bar í gær til baka fregnir þess efnis að til hefði staðið að forseti Pakistans, forsætisráðherra og yfirmenn hersins hefðu ætlað að borða á hótelinu á sama tíma og sjálfsvígsárás var gerð á það á laugardagskvöldið.

Fyrr í gær sagði fulltrúi innanríkisráðuneytis Pakistans að forseti þingsins hefði pantað kvöldverð á hótelinu þetta sama kvöld en að samkoman hefði verið flutt á heimili forsætisráðherrans. Að minnsta kosti 53 fórust í tilræðinu, þar á meðal sendiherra Tékklands og tveir starfsmenn bandarískavarnarmálaráðuneytisins. Um 270 manns særðust í árásinni sem samtökin Skæruliðar Íslams hafa lýst á hendur sér.

- ovd

Banvæn björgun:

Fórnaði lífinu fyrir hundinn

ÞÝSKALAND, AP Þýsk kona dó er hún reyndi að bjarga blindum hundi sínum frá því að verða undir lest í Ludwigshafen.

Hundurinn hafði dottið niður á lestarteinana og örvæntingarfull stökk konan niður á þá í von um að bjarga dýrinu en varð fyrir lest fyrir vikið. Konan hlaut alvarlega höfuðáverka og dó á slysstað.

- aóv

Eftirlýsingar sakamanna:

Starfshópur um eftirlýsingar

LÖGREGLUMÁL Ríkislögreglustjóri undirbýr setningu verklagsreglna til lögreglustjóra um eftirlýsingar sakamanna og hefur af því tilefni skipað sex manna starfshóp sem gera á drög að slíkum verkfallsreglum.

Skemmst er að minnast Ivans Konovalenko, eftirlýsts Litháa sem flýði land fyrir tæpum tveimur vikum þegar lögreglan leitaði hans vegna stórfelldrar líkamsárásar í Norðurmýri í Reykjavík. Eftir flótta Konovalenkos var haft erfir lögreglu að þau mistök hefðu verið gerð að landamæraeftirlitinu á Keflavíkurflugvelli hefði ekki verið tilkynnt um að hans væri leitað.

- ovd

Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Pevaryl®, Pevaryl Depot® (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fáanlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

VÆTUTÍÐ
Það má búast við vætu í flestum landshlutum í dag og á morgun síst þó austanlands. Á fimmtudag styttir upp víða um land en gætu fallið smáskúrir eða slydduél vestan til. Horfur eru á föstudaginn verði blautur en helgin fremur þurr.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	17°
Ósló	17°
Stokkhólmur	16°
Gautaborg	17°
London	17°
París	18°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	16°
Berlín	14°
Alicante	27°
Mallorca	25°
Basel	15°
Eindhoven	15°
Las Palmas	23°
New York	21°
Orlando	30°
San Francisco	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

FRYSTIKISTUR

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Whirlpool frystikistur	Lítrar nettó	Hæð í sm	Breidd í sm	Dýpt í sm	Körfur	Skilrúm	Ljós	Frystig. 24 klst.	Orkufl.	FRÁBÆRT VERÐ
AFG610MB	103	85	53	58	1	Nei	Nei	7,5 kg	B	**Kr. 44.995**
AFG6142B	138	86,5	57	65	1	Nei	Nei	11 kg	B	**Kr. 49.995**
AFG6222B	212	86,5	81	65	1	Nei	Nei	14 kg	B	**Kr. 54.995**
AFG6262B	258	88,5	95	66	1	Nei	Já	18 kg	B	**Kr. 59.995**
AFG6323B	320	88,5	112	66	1	Nei	Nei	24 kg	B	**Kr. 64.995**
AFG6392B	320	88,5	112	66	3	Já	Já	24 kg	B	**Kr. 69.995**
AFG6492B	400	88,5	134	66	4	Já	Já	25 kg	B	**Kr. 79.995**
AFG6592B	503	88,5	163	66	5	Já	Já	30 kg	B	**Kr. 89.995**

ÞVOTTAVÉLAR

Beko þvottavélar	Snúningar	Stærð: HxBxD	Þvotta-magn	Ísl. leiðarv.	Ullar-kerfi	Hrað-kerfi	Þvott-hæfni	Orku-nýting	Vindu-hæfni	FRÁBÆRT VERÐ
WMD25100T	1000	85/60/60	5 kg	Já	Já	Já	A	A	C	**Kr. 59.995**
WMD26140T	1400	85/60/60	6 kg	Já	Já	Já	A	A	B	**Kr. 69.995**

Whirlpool þvottavélar	Snúningar	Stærð: HxBxD	Þvotta-magn	Ísl. stjórnb. /leiðarv.	Ullar-kerfi	Hrað-kerfi	Þvott-hæfni	Orku-nýting	Vindu-hæfni	FRÁBÆRT VERÐ
AWOD4516	1200	85/60/60	6 kg	Já	Já	Já	A	A	B	**Kr. 79.995**
AWOD4726	1400	85/60/60	6 kg	Já	Já	Já	A	A	B	**Kr. 84.995**
AWOD6730*	1400	85/60/60	6 kg	Já	Já	Já	A	A	B	**Kr. 89.995**

*AWOD6730 - **6th Sense með klukku -** tækni sem skynjar óhreinindi í vatninu og flýtir þvottatíma.

Indesit þvottavél + þurrkari	Snúningar	Stærð: HxBxD	Þvotta- / þurrk-magn	Ísl. leiðarv.	Ullar-kerfi	Hrað-kerfi	Þvott-hæfni	Orku-nýting	Vindu-hæfni	FRÁBÆRT VERÐ
WIDL126	1200	85/60/60	5/3	Já	Já	Nei	A	B	B	**Kr. 99.995**
WIDLXXL146	1400	85/60/60	7/5	Já	Já	Nei	A	B	B	**Kr. 114.995**

BEKO Whirlpool INDESIT

Heimilistæki
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	SELFOSS
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 36	GARÐARSBRAUT 18A	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	464 1600	480 3700

KJÖRKASSINN

Telur þú að Keflvíkingar verði Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla?

Já	60,5%
Nei	39,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Vilt þú að leyfð verði bygging mosku í Reykjavík?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Eldur fór illa með dráttarvélar og pallbíla á plani Garðlistar í Kópavogi í fyrrinótt:

Tjón upp á tugi milljóna

LÖGREGLUMÁL „Það er frekar harkalegt að vakna klukkan fimm um nótt við þær fréttir að það sé kviknað í fyrirtækinu þínu. Maður fer ekki aftur að sofa eftir svona fregnir," segir Brynjar Kjærnested, eigandi garðþjónustufyrirtækisins Garðlistar í Kópavogi. Tugmilljóna tjón varð þegar eldur kom upp í dráttarvél sem geymd var á plani fyrirtækisins um fjögurleytið aðfaranótt mánudags.

Eldurinn barst í tvær aðrar dráttarvélar og einn pallbíl, og eru öll ökutækin mjög mikið skemmd. Einnig sviðnuðu þrír aðrir bílar töluvert vegna nálægðar við eldinn.

TJÓN Brynjar Kjærnested, eigandi Garðlistar, var vakinn um miðja nótt með fréttum af brunanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er ekki talið að um íkveikju hafi verið að ræða, en öryggismyndavélar eru á planinu.

„Við fyrstu sýn og eftir að hafa farið yfir myndbandsupptökuna virðist sem eldurinn hafi komið upp í dráttarvélinni af sjálfu sér. Mér er sagt að það sé einhver möguleiki á að eldur komi upp út frá rafmagni, en þetta er auðvitað mikið áfall," segir Brynjar. „Við erum rétt að átta okkur á þessu núna. Fyrirtækið er vel tryggt og þetta hefur engin áhrif á þjónustu þess. Við erum í stakk búin til að sinna öllum okkar viðskiptavinum," bætir hann við.

Einn slökkviliðsbíll og sjúkrabíll voru sendir á vettvang í fyrrinótt og tók slökkvistarf um klukkustund. - kg

Tveir menn um tvítugt:

Tóku póst og hentu í Sorpu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo unga menn fyrir að safna pósti sem átti að fara í útburð og henda honum í Sorpu.

Öðrum manninum er gefið að sök að hafa sem póstburðarmaður hjá Íslandspósti skotið undan bréfum og sendingum, sem höfðu verið afhent honum til útburðar. Póstinn geymdi hann í bíl vinar síns. Vinurinn er ákærður fyrir hlutdeild í athæfinu, þar sem hann horfði á póstinn hlaðast upp í bíl hans. Þau urðu afdrif póstsendinganna að þær voru settar í svartan ruslapoka, sem hent var í gám á förgunarstöð Sorpu við Sævarhöfða. - jss

Microsoft sérfræðingar, ekki missa af þessu!

Hvað leynist undir yfirborðinu?



DIVE Deeper® 08

Tækninámsstefna í Smárabíó 9-10 október

Nánari upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og www.ntv.is/divedeeper

Óútrætt frumvarp forsenda breytinga

Frumvarp sem Samfylkingin lagðist gegn er forsenda auglýsingar dómsmálaráðherra á sýslumannsembættinu á Suðurnesjum. Samfylkingarþingmenn ósáttir. Ráðherra segir að landið allt eigi að vera eitt tollumdæmi.

LÖGGÆSLUMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vísar meðal annars í frumvarp sem dagaði uppi vegna andstöðu þingflokks Samfylkingarinnar sem ástæðu þess að hann ákvað að auglýsa embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum laust til umsóknar. Samfylkingarþingmenn hafa í engu breytt afstöðu sinni.

Frumvarpið sem Björn vísar í var samþykkt í ríkisstjórn. Í því kvað á um aðskilnað löggæslu-, tolla- og öryggismála á Suðurnesjum. Breytingarnar áttu að taka gildi 1. júlí en vegna andstöðu í þingflokki Samfylkingarinnar fór málið ekki lengra.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir málið ekkert hafa verið rætt frekar, hvorki innan þingflokks né á milli flokkanna. „Komi fram hugmyndir sem njóta ekki stuðnings þá deyja þær bara. Þetta er ekkert sem við höfum rætt," segir Lúðvík.

Hann segir að Björn þurfi að rökstyðja frekar ákvörðun sína um að auglýsa embættið suður með sjó og tekur þar með undir orð Árna Páls Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar, sem kallaði eftir slíkum rökstuðningi.

Aðspurður segir Björn öll gögn liggja fyrir um málið. „Öll gögn máls liggja fyrir og Ríkisendurskoðun styður tillögu mína, hún ritaði skýrslu um málið að ósk forsætisnefndar Alþingis. Kannski hefur Árni Páll ekki haft tíma til að lesa hana?"

Björn segir spurður um breytingar á frumvarpinu að fjármálaráðherra sé flutningsmaður þess. Hann segist þó sjálfur fylgjandi

LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM Ákvörðun Björns Bjarnasonar um að auglýsa stöðu hans lausa byggir meðal annars á frumvarpi sem Samfylkingin er ósátt við. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

BJÖRN BJARNASON

LÚÐVÍK BERGVINSSON

því að landið allt verði gert að einu tollumdæmi. Aðspurður hvort það tíðkist ekki víða, til dæmis í Vestmannaeyjum, að tolla- og löggæslumál séu í sama embætti þó þau tilheyri hvort sínu ráðuneyti, segir Björn: „Hin stjórnsýslulega og fjárhagslega ábyrgð þarf að verða miklu skýrari en nú er og ákveðin með tollalögum."

Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki vita til þess að neitt sé að gerast í málefnum frumvarpsins. Honum finnist sýn Björns Bjarnasonar í meginatriðum skynsamleg. „Ég tel að rétt væri að gera breytingar sem miða að því að forræði þessara málaflokka heyri undir þau ráðuneyti sem almennt fara með þessi mál," segir Birgir. Hann hafi þó ekki heyrt af breytingum í þá átt.

Ekki náðist í Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í gær.

kolbeinn@frettabladid.is

Málefni barna

Hvert viljum við stefna?

Ráðstefna í Norræna húsinu
Þriðjudaginn 23. september, kl. 13-16

Dagskrá:

Setning
Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ

Málefni barna í brennidepli - helstu verkefni sem unnið er að í félags- og tryggingamálaráðuneytinu
Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra

Barnasáttmáli SÞ: Ábyrgð foreldra og samfélags
Bragi Guðbrandsson
forstjóri Barnaverndarstofu

Viðbrögð við erindum
Ingibjörg Rafnar, lögfræðingur
og fyrrverandi umboðsmaður barna

Kaffihlé

Foreldrafærni - þarf að kenna foreldrum uppeldi?
Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur

Hvað má betur fara í þjónustu við fjölskyldur barna með sérþarfir
Ragna K. Marinósdóttir
framkvæmdastjóri Umhyggju, félags
til stuðnings til langveikum börnum

Viðbrögð við erindum
Atli Lýðsson, foreldri

Ráðstefnuslit
Þorbjörn Guðmundsson
formaður velferðarnefndar ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Sérsveitin hefur sinnt 3.127 verkefnum það sem af er árinu:

Telja að alið sé á öfund í sinn garð

LÖGREGLUMÁL Sérsveit Ríkislögreglustjóra hefur sinnt 3.127 verkefnum frá byrjun þess árs og þar til í gær. Þetta kemur fram í tölum sem Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, lét taka saman fyrir Fréttablaðið.

Sérsveitin hefur verið undir stjórn ríkislöreglustjóra síðan 1999 og rekin sem stoðdeild við lögregluliðið varðandi almenna löggæslu síðan 2004. Dags daglega styður hún við lögregluembættin í almennri löggæslu auk sérstaks varðgæslueftirlits, sérsveitarverkefna og annarra verkefna sem lúta að starfsemi sveitarinnar.

Þá svaraði Jón spurningum um hve miklum tíma sérsveitin verði til æfinga. Viðmiðið væri að æfingar færu ekki helming vinnudags og þær myndu víkja fyrir verkefnum sem kæmu upp.

Yfirlýsing sem allir sérsveitarmenn skrifuðu undir í maí vegna gagnrýni á störf sérsveitarinnar var send til Fréttablaðsins í gær. Í fylgiskjali stóð að yfirlýsingin væri enn í fullu gildi og vildu allir starfandi sérsveitarmenn, yfirmenn jafnt sem undirmenn, koma efni hennar á framfæri. Í henni kom meðal annars fram að frá 2007 hefði lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu verið veitt meira liðsinni af

SÉRSVEITARMENN Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, minnir á að sérsveitarmenn sinni ýmsum verkefnum svo sem vegna bæjarhátíða, réttardansleika, handtaka á hættulegum glæpamönnum og fangaflutninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sérsveit en áður hefði tíðkast. Það hefði svo komið niður á „liðsinni við önnur lögregulið og olli umframkostnaði miðað við rekstraráætlun". - kdk

EKKERT – NOTHING.IS

GÆÐASTJÓRNUN Í **MANNVIRKJAGERÐ**

Morgunverðarfundur 25. september

Viðskiptablaðið, Samtök iðnaðarins, Reykjavíkurborg og Háskólinn á Bifröst standa fyrir morgunverðarfundi fimmtudaginn 25. september um gæðastjórnun í mannvirkjagerð.

Fundurinn verður haldinn á sjöundu hæð í húsnæði framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 10–12.

Fundurinn hefst með morgunverði í boði Reykjavíkurborgar klukkan 8:00. Dagskrá hefst stundvíslega klukkan 8:30.

Þátttaka er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig á www.vb.is
Frekari upplýsingar á www.vb.is, www.si.is, www.bifrost.is og www.rvk.is

DAGSKRÁ

08:00 Morgunverður í boði Reykjavíkurborgar

08:30 **Fundur hefst.** Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg, býður fólk velkomið.

Gæðastjórnun verktaka í mannvirkjagerð
Guðjóna Björk Sigurðardóttir, verkefnastjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, MA frá Háskólanum á Bifröst

Samtök iðnaðarins – Gæðastjórnun að 10 árum liðnum
Ferdinand Hansen, verkefnisstjóri hjá Samtökum iðnaðarins

Sýn verktakans
Eyjólfur Bjarnason, gæðastjóri ÍAV

Umræður og spurningar úr sal

10:00 **Fundi lýkur**

Fundarstjóri
Einar Svansson, aðjúnkt við Háskólann á Bifröst

Þátttaka er ókeypis
Skráning á www.vb.is

SI

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið

Viðskiptablaðið vb.is

VEISTU SVARIÐ?

1. *Á hvaða landsvæði gengur hampræktun best hér á landi?*
2. *Hvaða tveir bankar eru í sameiningarviðræðum?*
3. *Hvaða knattspyrnulið féll niður í 1. deild á sunnudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Margar starfsumsóknir borist:

Mikill áhugi á Bauhaus

VINNUMARKAÐUR Alls hafa um 1.250 starfsumsóknir borist Bauhaus, samkvæmt tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Bauhaus opnar í desember 22 þúsund fermetra verslun við Vesturlandsveg og verður hún sú stærsta á Norðurlöndunum. Alls sóttu um 650 manns um helstu stjórnendastöður í versluninni, sem búið er að ráða í. Þá hafa um 1.250 manns sótt um þau 150 störf sem til stendur að ráða í til viðbótar. Verslunin skiptist í byggingamarkað, blóma- og garðasvæði og innkeyrsludeild og verður þar boðið upp á yfir 120 þúsund vörutegundir. Bygging verslunarhúsnæðis Bauhaus á Íslandi hófst haustið 2007 en fyrirtækið, sem stofnað var í Þýskalandi árið 1960, rekur nú verslanir í fimmtán löndum. - ovd

Evruvæðing grefur undan stöðugleika

Sérfræðingar vara við sjálfvirkri evruvæðingu, sem þegar sé hafin hér á landi. Getur kallað á hærri verðbólgu og sveiflukenndari framleiðslu. Rannsókn á reynslu þjóða af óformlegri evruvæðingu verður kynnt á ráðstefnu í dag.

EFNAHAGSMÁL Hærri verðbólga og sveiflukenndari framleiðsla eru meðal þeirra afleiðinga sem þjóðir hafa þurft að glíma við sem tekið hafa upp aðra mynt með óformlegum hætti, segir Friðrik Már Baldursson prófessor. Hann mun kynna niðurstöður Rannsóknarstofnunar í fjármálum við Háskólann í Reykjavík á ráðstefnu um áhrif tengingar við evru á viðskipti, fjármálastöðugleika, samfélag og lagalegt umhverfi á vegum viðskiptaráðuneytisins í dag.

„Ég hef rannsakað reynslu annarra þjóða af óformlegri evru- eða dollaravæðingu, sem er það ferli þegar önnur mynt, og þá yfirleitt Bandaríkjadalur, hefur að verulegu leyti rutt heimamyntinni úr vegi í hagkerfi viðkomandi lands," segir Friðrik Már og segir að slík lönd búi jafnframt við meiri hættu á gjaldeyris- og bankakreppum.

Hann hefur að undanförnu kynnt sér hvernig evran og aðrir gjaldmiðlar hafa rutt sér til rúms á Íslandi. „Það hefur að langmestu leyti verið á þann veg að íslensk heimili og fyrirtæki hafa tekið lán í erlendri mynt. Nú er um fjórðungur af skuldum heimilanna við bankakerfið í erlendri mynt og yfir sjötíu prósent af skuldum fyrirtækja. Bankarnir hafa tryggt sig gegn sveiflum í gengi krónunnar, en búa óhjákvæmilega við meiri útlánaáhættu. Evruvæðingin grefur því undan fjármálalegum stöðugleika og er raunar að flestu leyti neikvæð fyrir hagkerfið," segir Friðrik Már.

EVRAN VÆTLAR INN Óformleg evruvæðing er slæm að mati Friðriks Más Baldurssonar (til vinstri) og Eiríks Bergmanns Einarssonar og grefur undan virði krónunnar. Það er til dæmis slæmt fyrir eldra fólk sem lifir á sparifé.

> Sjálfkrafa evruvæðing er líkast til versta tegund evruvæðingar sem völ er á.
>
> **EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR EVRÓPUFRÆÐASETURS HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

Eiríkur Bergmann Einarsson, forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, segir ýmislegt benda til að evran sé nú þegar farin að vætla inn í íslenskt efnahagslíf, þvert á stefnu stjórnvalda. Hann segir að sjálfkrafa evruvæðing feli í sér mikla galla; íslenska þjóðin verði bæði af kostum þess að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli og kostum þess að fá hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af því að sameinast um gjaldmiðil með öðrum ríkjum í sameiginlegu myntbandalagi.

„Sjálfkrafa evruvæðing er líkast til versta tegund evruvæðingar sem völ er á en fari skriðan af stað af fullum þunga, sem enn hefur ekki gerst, gæti á skömmum tíma orðið ansi brátt um íslensku krónuna. Slík þróun gæti augljóslega grafið undan virði krónunnar á markaði með alvarlegum afleiðingum fyrir krónueigendur, sér í lagi fyrir eldra fólk sem margt lifir á sparifé en hefur að öðru leyti takmarkaða innkomu og þrengri möguleika til tekjuöflunar," segir Eiríkur enn fremur.

bih@frettabladid.is

POLLURINN Talið er að andarnefja sem fannst dauð hafi haldið til á Pollinum að undanförnu.

Hvalir á Pollinum á Akureyri:

Andarnefja fannst dauð

DÝRALÍF Andarnefja fannst dauð við bæinn Nes við utanverðan Eyjafjörð í fyrradag. Telja kunnugir að um sé að ræða eina af fjórum andarnefjum sem haldið hafa til á Pollinum við Akureyri að undanförnu.

Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að sést hefði til einnar af andarnefjunum á þriðjudag þar sem hún var föst í bauju. Daginn eftir voru hins vegar bæði baujan og andarnefjan horfin. Ekki liggur fyrir hvað varð hvalnum að bana. Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar munu taka sýni úr honum og senda í rannsókn. - kg

Ákærður fyrir héraðsdómi:

Réðst á mann með skrúfjárni

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að ráðast á annan mann með skrúfjárni og eggvopni. Árásin átti sér stað í Tryggvagötu í Reykjavík í apríl á síðasta ári.

Sá sem ráðist var á hlaut tvo skurði á höfði, þrjá grunna skurði á vinstri hendi og djúpan skurð á hægri hendi. Hann hefur krafið árásarmanninn um tæplega 800 þúsund króna skaðabætur. - jss

www.toyota.is

NÚ BJÓÐUM VIÐ SEX FÍNA BÍLALEIGUBÍLA Á GÓÐU VERÐI

Toyota Auris
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 44.000 km
Verð: 1.960.000 kr. Skr.nr. KM-782

Toyota Yaris Sol
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. LS-464

Toyota Land Cruiser GX
3000 Dísil 6 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 81.000 km
Verð: 4.750.000 kr. Skr.nr. IL-953

Toyota Yaris Terra
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 42.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. TR-301

Toyota Corolla Sol
1600 Bensín 5 gíra MM skipting
Á götuna: 05.07 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.580.000 kr. Skr.nr. UA-853

Toyota Avensis
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.07 Ekinn: 9.000 km
Verð: 3.040.000 kr. Skr.nr. VI-577

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla
með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 43734 09/2008

til afgreiðslu af lager

Innréttingar í öll herbergi hússins

- glæsileg og vönduð vara

eitt hagstæðasta verð á markaðnum

30% afsláttur á eldhúsum!

ELDHÚS

Innifalið í öllum innréttingum BLUM *mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*

DUCAL ljós eik

Verð kr. 765.680.- Verð með afslætti kr. *535.900.-* stgr.



Hvítt háglans sprautulakkað

LINE

Verð kr. 877.540.- Verð með afslætti kr. *614.300.-* stgr.

til afgreiðslu af lager

Hvítt háglans sprautulakkað

LINE

Verð kr. 279.850.- Verð með afslætti kr. *195.800.-*

DUCAL ljós eik

Verð kr. 323.180.- Verð með afslætti kr. *226.800.-*

FATASKÁPAR

35% afsláttur á fataskápum!

Háglans - sprautulakkaður

Ljós eik

Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm

Verð frá 29.300,- stgr.

ÞVOTTAHÚS innréttingar

Verð frá 59.900,- stgr.

35% afsláttur á þvottahúsa innréttingum

Þvottahúsa innr. - hvít

Þvottahúsa innr. - ölur

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



MINNSTUR MILLI LEGGJA Minnsti fullorðni maður heims, hinn 74,61 cm hái He Pingping frá Innri Mongólíu í Kína, sést hér standa milli leggja Svetlönu Pankratovu frá Rússlandi, sem Guinness-heimsmetabókin hefur vottað að hafi lengstu leggi allra kvenna heims, 132 cm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Inngrip Bandaríkjastjórnar á fjármálamarkaði:

Bæði McCain og Obama efins

BANDARÍKIN, AP Forsetaframbjóðendurnir Barack Obama og John McCain vöruðu báðir við afleiðingum þess að veita fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna, undir stjórn ráðherrans Henry Paulson, heimild til 700 milljarða dollara inngrips á fjármálamörkuðum. Upphæðin er andvirði rúmlega 62.500 milljarða íslenskra króna.

Tillaga Paulsons gengur út á að nota þessa upphæð til að kaupa áhættulán fjármálafyrirtækja, einkum fasteignalán. Þannig muni nást að koma í veg fyrir yfirvofandi gjaldþrotahrinu sem myndi ógna stöðugleika á fjármálamörkuðum í landinu.

INNGRIP Fjármálaráðherrann Henry Paulson og George W. Bush forseti. NORDICPHOTOS/AFP

John McCain segir ekki koma til greina að forstjórar fyrirtækja sem skattgreiðendur eigi að bjarga þiggi sín venjubundnu ofurlaun á meðan. Vill hann takmarka laun þeirra við hæstu launin hjá hinu opinbera. McCain segir einnig varasamt að veita einum einstaklingi völd til að ráðstafa slíkum fjárhæðum í verstu kreppu síðan í kreppunni miklu á fjórða áratugnum.

Barack Obama tiltekur sjö atriði sem breyta þyrfti í tillögu Paulsons áður en hún næði fram að ganga í þinginu. Helst þykir Obama vanta upp á nægilega tryggingu fyrir því að upphæðin sem fara á í inngripið verði endurheimt. Hann segir einnig mikilvægt að tillagan þjóni ekki aðeins fyrirtækjum, heldur einnig vinnandi fólki og fjölskyldum. - kg

Villtur Spánverji á hálendinu:

Fer af sjúkrahúsinu í dag

BJÖRGUN Búist er við að spænski karlmaðurinn sem bjargað var af hálendi Íslands á laugardag verði útskrifaður af sjúkrahúsinu á Húsavík í dag. Að sögn lögreglunnar á Húsavík hefur maðurinn náð góðum bata, en hann fékk meðal annars meðferð vegna ofkælingar.

Maðurinn fannst við Krossá í Bárðardal á laugardag. Hafði hann þá verið villtur og matarlaus í fjóra daga. Hann dó þó ekki ráðalaus heldur nærðist á bláberjum og krækiberjum.

Lögregla hefur í hyggju að ræða við manninn þegar hann kemur af sjúkrahúsinu. - kg

Evra á Íslandi
Hvort - hvernig - hvenær?

23. september kl. 12:00-15:10 í Þjóðmenningarhúsinu.
Ráðstefna á vegum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Viðskiptaráðuneytisins.

Dagskrá

11:30 **Skráning og léttur hádegisverður.**

12:00 **Björgvin G. Sigurðsson** viðskiptaráðherra, setur ráðstefnuna.

12:10 **The legal possibilities for adopting the Euro under European law.**
Peter Dyrberg, Evrópuréttarstofnun HR.

12:50 **Er sjálfkrafa evruvæðing farin af stað?**
Eiríkur Bergmann Einarsson, Evrópufræðasetur, Bifröst.

13:30 **Kaffihlé**

13:50 **Evruvæðing og fjármálastöðugleiki.**
Friðrik Már Baldursson, Rannsóknarstofnun í fjármálum, HR.

14:30 **Áhrif fjölmyntarsamfélagsins á vörumarkað.**
Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Bifröst.

15:10 **Ráðstefnuslit.**
Ráðstefnustjóri er Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital.

Tekið er við skráningum á skraning@ru.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

HASSIÐ ÚR NORRÆNU Lögregla hefur undir höndum sönnunargögn vegna hassmyglsins í Norrænu.

Húsleitir á höfuðborgarsvæðinu í stóra hassmálinu:

Lögreglan hefur yfirheyrt tvær konur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu færði tvær konur til skýrslutöku eftir að húsleitir höfðu verið gerðar á heimilum sem tengjast Þorsteini Kragh athafnamanni, sem situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á stóra hassmálinu. Þá lagði lögregla hald á sönnunargögn sem vitað er að tengjast málinu.

Húsleitir voru gerðar í þarsíðustu viku í tengslum við rannsókn lögreglu á stórfelldu fíkniefnasmygli með húsbíl sem kom til landsins með ferjunni Norrænu í júní. Í húsbílnum fundust 190 kíló af hassi, eitt og hálft kíló af marijúana og eitt kíló af kókaíni.

Húsleitirnar fóru fram að gengnum dómsúrskurði.

Tveir sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Hollenskur karlmaður sem kom á húsbílnum til landsins og Þorsteinn sem handtekinn var skömmu síðar. Konurnar sem yfirheyrðar voru í kjölfar húsleitanna voru látnar lausar að skýrslutökum loknum.

Karlmennirnir sem sitja í gæsluvarðhaldi eru úrskurðaðir á grundvelli almannahagsmuna. Gæsluvarðhald yfir þeim rennur út 9. október. - jss

HLUTHAFAFUNDUR

Stjórn FL Group hf. (Stoða) boðar hér með til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður þriðjudaginn 30. september 2008 kl. 8.30 á Hilton Nordica.

Dagskrá:

1. **Tillaga um að nafni félagsins verði breytt í Stoðir hf.**
   Tillagan hefur í för með sér breytingar á 1. gr. samþykkta félagsins.
2. **Tillaga um að veita stjórn félagsins heimild til að ráðstafa eigin hlutum og gefa út nýtt hlutafé til að fjármagna kaup á hlutum í Baugi Group hf.**
3. **Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað að gefa út nýja hlutaflokka.**
   Tillagan felur í sér að bætt verði við B og C flokki þannig að hlutafé félagsins skiptist í þrjá flokka: A, B og C. Flokkarnir munu njóta mismunandi réttinda í félaginu, einkum með þeim hætti að hlutum í B og C flokki fylgir ekki atkvæðisréttur, hlutir í C flokki munu njóta forgangsréttar til arðs en arður á C hluti verður takmarkaður. Tillagan felur í sér breytingar á II. kafla samþykkta félagsins nefndur „Um hlutaféð og meðferð hlutafjár“.
4. **Tillaga um hækkun heimilda stjórnar til útgáfu nýs hlutafjár og að heimild til hækkunar hlutafjár taki til allra hlutaflokka í félaginu.**
   Tillagan felur í sér breytingar á II. kafla samþykkta félagsins nefndur „Um hlutaféð og meðferð hlutafjár“.
5. **Stjórnarkjör**
6. **Önnur mál.**

Reykjavík, 22. september 2008
Stjórn FL Group

Kalli Bjarni dæmdur aftur:

Tveggja mánaða fangelsi

DÓMSMÁL Karl Bjarni Guðmundsson, þekktur sem Kalli Bjarni úr Idolinu, hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir vörslu sextíu gramma af amfetamíni. Fyrr á þessu ári hafði hann verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa reynt að smygla tveimur kílóum af kókaíni til landsins.

Kalli Bjarni var ákærður fyrir ofangreinda vörslu fíkniefna þegar lögregla hafði afskipti af honum á Hótel Vík í Síðumúla í mars. Hann játaði sök og var dæmdur í kjölfarið. Hann afplánar nú á Kvíabryggju.

- jss

Ósáttur við plastbakkar séu vigtaðir með matvöru:

Minni háttar aukakostnaður

Guðmundur Gíslason er óánægður með það sem hann vill meina að séu samantekin ráð verslana. Hann skrifar: *„Plastpokinn kostar alltaf 15 kr., en þegar þú kaupir eitt fiskflak og/eða nautafilé kostar kílóið af plastbakkanum sem matvaran er vigtuð í, með fisknum, ef til vill kr 1.200 pr. kg og með nautalundinni kr. 3.300 pr. kg. Verð bakkans getur því hlaupið á hundruðum króna! Er nokkurt vit í að láta bjóða sér þetta?“*

Inga hjá Gallerý Kjöt, Grensásvegi, segir að alltaf sé gert ráð fyrir plastbakkanum á vigtinni hjá þeim, föst fimm grömm í mínus. Bakkarnir eru í þremur stærðum, 10, 8 og 4 grömm – „svo stundum töpum við og stundum græðum við, eins og gengur“, segir hún.

Þótt enginn frádráttur kæmi til eru bakkarnir það léttir að ekki er um stórkostlegar fjárhæðir að ræða. Dýrasta kjöt á landinu er Wagyu-nautakjötið á 15.990 kr. kílóið. Sá sem keypti sér kíló af því myndi borga 160-kall fyrir 10 g plastbakka. Hann myndi líklega ekki kippa sér upp við það. Bakki undir kíló af nautalund er á 33 krónur.

En kaupir einhver Wagyu í „kreppunni“? „Já já,“ segir Inga. „Ég seldi eitt og hálft kíló um helgina!“

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

RÆÐIR VIÐ HÁA OG LÁGA Heimildarmyndasmiðurinn Chris Paine hefur rætt við forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hver drap rafmagnsbílinn?

Chris Paine situr fyrir svörum

SAMGÖNGUMÁL Samband Íslendinga við einkabílinn er þessa dagana undir smásjá leikstjóra heimildarmyndarinnar „Hver drap rafmagnsbílinn?“, en hann vinnur nú hér á landi að næstu mynd sinni, sem á að heita „Hefnd rafmagnsbílsins“.

Meðal þeirra sem leikstjórinn, Chris Paine, hefur tekið viðtöl við síðustu daga eru eigendur hinna sérískensku risajeppa. Hann mætti á aðalfund jeppaklúbbsins 4x4, að sögn til að „kynna sér sálfræði íslenskrar jeppamenningar“.

Áhugasömum gefst kostur á að sjá myndina Hver drap rafmagnsbílinn? í sal 101 í Háskólanum í Reykjavík í kvöld kl. 20. Paine mun þar sitja fyrir svörum. **- aa**

Fræsöfnun í Hekluskóga:

Milljónir fræja til Hekluskóga

SKÓGARÆKT Talið er að þegar hafi um það bil tvær og hálf milljón fræja fengist frá almenningi í þágu Hekluskóga, eða um fimmtíu kíló. Frá þessu greinir Bændablaðið í síðasta tölublaði sínu en að undanförnu hafa aðstandendur Hekluskóga hvatt fólk til að safna birkifræjum sem nýst geta í tilraunum til að endurheimta skógana við Heklu.

Í viðtali við Hrein Óskarsson, verkefnisstjóra Hekluskóga, kemur fram að í einu grammi af þurrum birkifræjum geti verið allt að 500 til 1.000 spírandi fræ. Nái fólk því að safna hálfum plastpoka getur það skilað stórum skógi í framtíðinni. **- kdk**

VIKA SÍMENNTUNAR
22.-28. september 2008
Styrktu stöðu þína!
STARFSMENNTARÁÐ
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.186 **+3,21%**

Fjöldi viðskipta: 497
Velta: 40.630 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATLANTIC PET.	+11,26%
EXISTA	+7,60%
GLITNIR	+4,60%

MESTA LÆKKUN

ALFESCA	-0,44%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,75 -0,44% ... Atorka 5,33 +3,50% ... Bakkavör 24,70 +4,22% ... Eimskipafélagið 4,43 +0,68% ... Exista 7,08 +7,60% ... Glitnir 15,00 +4,60% ... Icelandair Group 20,45 +0,00% ... Kaupþing 737,00 +3,22% ... Landsbankinn 23,10 +1,76% ... Marel Food Systems 91,70 +1,89% ... SPRON 3,40 +3,03% ... Straumur-Burðarás 8,70 +3,33% ... Össur 96,00 +2,13%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN
nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Ótrúverðugt og á lágu plani?

„Þetta er eitthvað sem Fréttablaðið er að búa til, án þess að nefna nokkra heimildarmenn og án þess að hafa samband við forstjóra eða stjórnarformann Byrs. Þess konar fréttamennska er á afskaplega lágu plani, að mínu mati, og ótrúverðug," sagði Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs sparisjóðs, í viðtali við Viðskiptablaðið á miðvikudaginn í síðustu viku. Þar uppástóð hann líka að engar viðræður hefðu átt sér stað milli Byrs sparisjóðs og Glitnis um sameiningu bankanna. Með þessum hætti brást stjórnarformaðurinn við forsíðu Fréttablaðsins frá deginum áður þar sem greint var frá yfirstandandi viðræðum um samruna á bankamarkaði, sér í lagi milli Glitnis og Byrs. Í fréttinni var töluverður gangur sagður kominn í viðræður fyrirtækjanna.

Viðræður eður ei

Nú er kannski undir hælinn lagt hvað menn kjósa að kalla viðræður og hversu formlegar þær þurfa að vera svo þeim verði ekki afneitað. „Nei, hún er ekki gengin í gegn og það hefur ekkert verið ákveðið um það mál akkúrat á þessum tímapunkti," sagði Lárus Welding, forstjóri Glitnis, um sameiningu fyrirtækjanna í Silfri Egils í fyrradag. Óneitanlega verður samt harkaleg neitun málsaðila sérkennileg í ljósi tilkynningar félaganna til Kauphallar í gær um að upp hafi verið teknar samrunaviðræður. „Athygli vekur að viðræðurnar hefjast aðeins örfáum dögum eftir að Fjármálaeftirlitið lagði blessun sína yfir hlutafjárvæðingu Byrs," segir í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings.

MARKAÐSPUNKTAR

Fjárfestingarbankar eru horfnir af bankamarkaði í Bandaríkjunum. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur samþykkt beiðni Goldman Sachs og Morgan Stanley um að breyta rekstri í form viðskiptabanka. „Þetta eru vatnaskil í þróun bankastarfsemi í Bandaríkjunum," segir greiningardeild Kaupþings. „Í byrjun árs voru fimm fjárfestingarbankar sem báru höfuð og herðar yfir aðra slíka á Wall Street. Núna eru þeir allir horfnir í þeirri mynd sem við þekktum þá."

Saga Capital ekki sektað

Ranghermt var hér í blaðinu fyrir helgi að Saga Capital hefði verið beitt dagsektum af hálfu Samkeppniseftirlitsins fyrir að sinna ekki upplýsingagjöf í tengslum við rannsókn á samruna Kaupþings og SPRON.
Það var sparisjóðurinn Byr sem var sektaður af þessu tilefni.

Krónufall á næstveltumesta degi Kauphallar

„Sumar hávaxtamyntir hafa verið að fá á baukinn í [gær], þetta gæti verið hluti af því," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, um skyndilegt fall krónunnar. Greiningardeildir bankanna og Seðlabanki Íslands áttu engar aðrar skýringar á falli krónunnar.

KRÓNA Í KLÍPU

Gengi krónunnar féll um 2,7 prósent síðdegis í gær eftir jafna styrkingu í byrjun dags. Gengisvísitalan endaði í 176,6 stigum.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 3,28 prósent yfir daginn. Mest hækkaði gengi bréfa í færeyska olíuleitarfélaginu Atlantic Petroleum, sem í gærmorgun tilkynnti að það væri byrjað að dæla upp olíu úr Chestnut-svæðinu.

Velta nam 40,6 milljörðum króna í Kauphöllinni í gær. Þar af voru viðskipti með bréf Kaupþings upp á 29,3 milljarða króna. Veltan er sú næstmesta á einum degi á þessu ári. „Svo mikil velta er sjaldgæf um þessar mundir en heildarviðskipti dagsins samsvöruðu til dæmis 80 prósentum af heildarveltu hlutabréfa í Kauphöllinni allan ágústmánuð," segir í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings. - jab

Grunnur lagður að sterkara fyrirtæki

Formlega var tilkynnt um samrunaviðræður Byrs og Glitnis í Kauphöllinni í gær.

„Ætla má að samanlagt markaðsverðmæti Glitnis og Byrs sé um 281 milljarður króna. Markaðsvirði Glitnis er um 223 milljarðar en Capacent ráðgjöf mat Byr á 58,2 milljarða króna við breytingu í hlutafélag," segir í hálffimmfréttum greiningardeildar Kaupþings.

LÁRUS WELDING

Formlega var upplýst um samrunaviðræður Glitnis og Byrs í tilkynningu til Kauphallar í gær. Fram kemur að stjórnir félaganna hafi skuldbundið sig til að ræða ekki við aðra aðila um samstarf eða sameiningar á meðan þessar viðræður standi yfir. Niðurstaða á að liggja skjótt fyrir. Í tilkynningu fyrirtækjanna er haft eftir Lárusi Welding, forstjóra Glitnis, að með viðræðunum sé kannaður grundvöllur fyrir sameiningu. „Náist niðurstaða sem báðum er að skapi, er lagður grunnur að enn sterkara fyrirtæki sem er vel í stakk búið til að athafna sig í því árferði sem nú ríkir á markaði."

Þá er haft eftir Ragnari Z. Guðjónssyni, sparisjóðsstjóra Byrs, að félagið standi sterkt þrátt fyrir ágjöf síðustu mánaða. Stjórn félagsins hafi skoðað vandlega þá kosti sem í stöðunni væru og telji að styrkur Byrs verði best nýttur í samstarfi við öflugt fyrirtæki á íslenskum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. - óká

EFNAHAGSREIKNINGAR BYRS OG GLITNIS

Samanburður við lok annars ársfjórðungs 30. júní 2008

	Glitnir		Byr	Samtals
Efnahagsreikningur (m.kr.)				
Eignir	3.862.797	226.184		4.088.981
Heildarútlán	2.548.164	154.432	2.702.596	
Eigið fé	200.435	45.304	245.739	
Eiginfjárhlutfall	11,20%	23,50%	11,90%	
Rekstrarreikningur (m.kr.)				
Hreinar vaxtatekjur	17.790	4.429	22.219	
Hreinar þóknunartekjur	9.257	541	9.798	
Hagnaður H1 2008	7.574	216	7.790	

FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA.

Skoda Octavia 1,9 TDI® – 4,9 lítrar á hundraðið
Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin, skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseiginleikum (einnig fáanlegur með bensínvél).
Skoðaðu Skoda Octavia - bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskyldu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.

Al-Thani með mest umsvif

Bróðir emírsins af Katar á fimm prósent í Kaupþingi. Útlendingar eiga yfir fjórðung í bankanum.

HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

„Við erum mjög ánægðir með að fá hans hátign í hluthafahóp bankans," segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, um kaup sjeik Mohameds bin Khalifa Al-Thani á rétt rúmum fimm prósenta hlut í bankanum, sem flaggað var í gær. Kaupverðið nemur 25,5 milljörðum íslenskra króna.

Fréttirnar höfðu mjög jákvæð áhrif á íslenskan hlutabréfamarkað en gengi bréfa í Kaupþingi hækkaði um 3,22 prósent í gær. Þróunin smitaði út frá sér og hækkaði Úrvalsvísitalan um 3,28 prósent. Það var þvert á þróunina á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær.

Kaupþing hefur undanfarna mánuði keypt upp eigin bréf samhliða lækkun á gengi þeirra og leitað að kaupanda á þeim. Áður hafði breska Gertner-fjölskyldan keypt 2,5 prósenta hlut í bankanum fyrir 14,9 milljarða króna. Samanlagður eignahlutur erlendra aðila í bankanum nemur því á bilinu 25 til 30 prósenta. Kaupþing á eftir viðskiptin tæpt hálft prósent af eigin bréfum.

Alþjóðlegir bankar, sem hafa leitað erlendra fjárfesta upp á síðkastið, hafa hins vegar þurft að ráðast í útgáfu á nýju hlutafé fyrir nýja hluthafa. Hreiðar segir fáu við að líkja enda eiginfjárstaða Kaupþings mun betri en þeirra erlendu banka sem hafi upp á síðkastið selt bréf í neyð og oft með miklum afslætti. Al-Thani hafi skoðað bækur Kaupþings vel áður en hann hafi ákveðið að fjárfesta í honum.

Þetta er ekki fyrsta fjárfesting Al-Thanis hér á landi en í maí keypti hann 12,6 prósenta hlut í Alfesca fyrir 5,5 milljarða króna.

Al-Thani er bróðir emírsins í Katar og hefur fjárfest mikið víða um heim fyrir fjölskyldu sína, svo sem í evrópskum fjármálafyrirtækjum. Í tilkynningu frá bankanum í gær segir að Al-Thani hafi fylgst lengi með þróun mála og líti á kaupin sem góða fjárfestingu. Ekki liggur fyrir hvort Al-Thani hyggist sækjast eftir sæti í stjórn bankans. „Við höldum að aðrir hluthafar myndu fagna því," segir Hreiðar.

Með kaupunum er Al-Thani umsvifamesti erlendi fjárfestirinn á íslenskum hlutabréfamarkaði um þessar mundir en markaðsverðmæti eigna hans í Kaupþingi og Alfesca nema rúmum 32 milljörðum króna á gengi gærdagsins.

Nokkur eignatengsl eru á milli Kaupþings og Alfesca. Félag í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Alfesca, er meðal stærstu hluthafa Kaupþings. Kaupþing á svo 22,6 prósent í Alfesca og er annar stærsti hluthafinn á eftir Ólafi. Al-Thani er nú með stærstu hluthöfum beggja félaga.

jonab@frettabladid.is

Heimsferðir bjóða nú frábært tilboð á 10 nátta ferð til til einnar helstu ferðamannaparadísar heimsins, Barbados í Karíbahafinu. Í boði eru fjölbreytt sértilboð. Barbados hefur allt að bjóða ferðamönnum. Hvítar, pálmavaxnar og víðfeðmar draumastrendur, 25 gráðu heitan og kristaltæran sjó og meðalhitastig rétt um 30 gráður allan ársins hring. Hreinlega einstök umgjörð fyrir fríið! Gríptu þetta einstaka tækifæri og bókaðu ferð til Barbados á frábærum kjörum.

Verð kr. 99.900 – flug og gisting
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Pirate's Inn **+ í 10 nætur. Ath. aðeins örfá herbergi í boði á þessu sérstaka tilboðsverði. Gisting á Hotel Butterfly Beach *** í 10 nætur með morgunverði kr. 119.900

Verð kr. 149.900 – með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Sandy Bay Beach Club *** með allt innifalið í 10 nætur. Ath. aðeins örfá herbergi í boði á þessu sérstaka tilboðsverði. 11 nátta ferð 8. nóvember kr. 10.000 aukalega.

ENNEMM / SÍA • NM35516

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Ferðaskrifstofa Íslands

Heimsferðir

SIMPLY CLEVER

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

BÍLAOUTLET NÚ TÆMUM

Ein milljón í afslátt!

NISSAN PATROL GR
Ek. 63 þús. Nýskr. 07/03. Ssk.
Verð áður: 3.590 þús. kr.

OUTLETVERÐ:
2.590 þús. kr.

Frábærir lána-möguleikar!

www.bilaoutlet.is

ÞÚ RÆÐUR HVAÐ ÞÚ BORGAR!

Á nýja uppboðsvefnum okkar, bilaoutlet.is, býðst þér alveg ný leið til að kaupa notaðan bíl. Þú einfaldlega skellir þér inn á síðuna, finnur rétta bílinn fyrir þig, gerir í hann tilboð og ekki orð um það meir! Skoðaðu úrvalið á vefnum okkar og sjáðu með eigin augum hvað það er auðvelt að gera enn betri kaup á notuðum bíl.

Milljón kall í afslátt!

BMW 318i SEDAN EXCLUSIVE
Ek. 22 þús. Nýskr. 03/05. Ssk.
Verð áður: 2.790 þús. kr.

OUTLETVERÐ:
1.790 þús. kr.

Bílarnir koma frá:

bílaland · IH NGVAR HELGASON · BG · AVIS

Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM35567

FLYTUR OG VIÐ PLANIÐ!

Enn meiri afsláttur á síðustu bílunum!

Alveg fáránleg tilboð!!!

Eftir sex frábærar vikur á Tjarnarvöllunum ætlum við í BílaOutlet að færa okkur á nýjan stað í næstu viku. Við nennum hins vegar ekki að flytja alla bílana úr Hafnarfirðinum og seljum því þá sem eftir eru á verði sem er svo lágt að við þorum varla að segja frá því. Þetta eru engar druslur, heldur bara góðir bílar á verði sem við ábyrgjumst að þér býðst hvergi annars staðar.
Það gildir því nú sem fyrr: fyrstur kemur, fyrstur fær!

NISSAN MURANO
Ek. 35 þús. Nýskr. 10/05. Ssk.
Verð áður: 5.190 þús. kr.
OUTLETVERÐ: 3.690 þús. kr.

RENAULT SCENIC II
Ek. 22 þús. Nýskr. 07/07. Bsk.
Verð áður: 2.690 þús. kr.
OUTLETVERÐ: 1.690 þús. kr.

SUBARU FORESTER
Ek. 45 þús. Nýskr. 01/04. Ssk.
Verð áður: 2.190 þús. kr.
OUTLETVERÐ: 1.350 þús. kr.

Síðasta vikan á Völlunum!

Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði. Sími: 575 12 30
Opið virka daga frá kl. 12 til 19
og laugardaga frá kl. 12 til 16

BÍLAOUTLET

skoðun

greinar@frettabladid.is

Lýðskrum, skömm og fyrirlitning:

Jónasi svarað

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fyrstu viðbrögðin við yfirmannaskiptum á fréttastofum ljósvakamiðlanna í síðustu viku voru þau að bankastjórn Seðlabankans fól formanni sínum að koma fram á Stöð 2 en ekki í sjónvarpi ríkisins til að hafa uppi andsvör við framlagi Jónasar Haralz og fjölda annarra sérfræðinga og forystumanna í stjórnmálum og atvinnulífi til umræðunnar um peningamálastefnuna. Að lögum ber bankastjórn þriggja embættismanna sameiginlega ábyrgð á öllum ákvörðunum og yfirlýsingum Seðlabankans en formaðurinn er talsmaður þeirra.

Embættisferill Jónasar Haralz er alkunnur. Minna hefur verið fjallað um að hann var um tíma formaður efnahagsnefndar Sjálfstæðisflokksins. Í því hlutverki smíðaði hann að beiðni Geirs Hallgrímssonar einhverja mikilvægustu tímamótayfirlýsingu flokksins um endurreisn í anda frjálshyggju. Sú yfirlýsing var helsti hugmyndafræðilegi grundvöllur þeirra umbreytinga á efnahagsstjórn sem smám saman urðu að veruleika á níunda og tíunda áratugnum í fjórum mismunandi samsettum ríkisstjórnum Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins. Ósmá áhrif.

Það mat sem fram kom nýlega í greinum Jónasar Haralz og Einars Benediktssonar að hagsmunum Íslands yrði betur borgið með því að taka upp evru en að viðhalda óbreyttri stefnu í peningamálum hefur vissulega sett strik í umræðuna. Í greinum þeirra kom ennfremur fram ósk um að Seðlabankinn gerði ítarlega grein fyrir árangri peningamálastefnunnar sem fylgt hefur verið frá aldamótum. Fallast verður á að slíkur málefnalegur rökstuðningur af hálfu Seðlabankans væri gagnlegur fyrir áframhald umræðunnar.

Svar bankastjórnarinnar sem nú liggur fyrir í nefndu sjónvarpsviðtali var einkar skýrt og afdráttarlaust. Bankastjórarnir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, líta einfaldlega svo á að slíkur málflutningur sé „lýðskrum“ og á honum hafi menn á þeim bæ bæði „skömm“ og „fyrirlitningu“. Sannarlega er ekki unnt að kvarta yfir því að svör hafi ekki fengist við hógværri beiðni.

Þegar þetta svar liggur fyrir af hálfu bankastjórnarinnar vaknar hins vegar sú spurning hvort það byggi á mati hagsviðs bankans. Svo þarf ekki að vera þótt eðlilegt sé að ganga út frá því sem sjálfsögðum hlut í svo veigamiklu máli. Vel má vera að hagsviðið hafi verið of svifaseint að bregðast við en bankastjórnin hafi ekki viljað draga þjóðina á svari. Það er skiljanlegt eins og staða umræðunnar er en vekur þó upp álitamál.

Rétt er að minna á að aðalhagfræðingur Seðlabankans hefur í blöðum heima og erlendis í rúm tvö ár lýst þeirri skoðun að ávinningur þess að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli sé minni en enginn og auki fremur á sveiflur í þjóðarbúskapnum en að draga úr þeim. Hvernig sem undirbúningi að svari bankastjórnarinnar var háttað bendir efni þess ótvírætt til að bankinn þurfi að taka á innri málum. Það er spurning um traust og trúverðugleika í bráð og lengd.

Bankastjórn Seðlabankans er eftir lögum sjálfstæð og óháð ríkisstjórn. Lögin mæla þó fyrir um að bankastjórnin skuli ekki sinna öðrum viðfangsefnum en þeim sem samræmast hlutverki seðlabanka. Spurt hefur verið hvort bankastjórnin hafi farið út fyrir verksvið sitt í þessu svari og inn á pólitískan vettvang. Að lögum ber ríkisstjórnin ábyrgð á að slíkt gerist ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Markaðurinn í lok dags

Fylgstu með Markaðinum í lok dags kl. 16:45 á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is
...ég sá það á visir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sést varla...

Um fátt er deilt meira þessa dagana en sérsveit ríkislögreglustjóra. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vill að sérsveitin sinni almennum löggæslustörfum í meira mæli, á meðan Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra finnst sú hugmynd firra.

Á öllum vinnustöðum skapast ákveðinn vinnustaðahúmor og er lögreglan engin undantekning. Heimildir Fréttablaðsins herma að almennum lögreglumönnum þyki sérsveitin ekki sinna veigamiklum störfum og draga mikilvægi sérverkefna hennar í efa. Á meðal þeirra sé sérsveitin aldrei kölluð annað en „séstvallasveitin“. Sel það ekki dýrara en ég keypti það.



Sjást vel

Sé einhver stétt manna meira á milli tannanna á fólki nú um mundir en sérsveitarmenn eru það væntanlega handrukkarar. Stéttir þessar eiga það einnig sameiginlegt að innan þeirra vilja menn vera vel í vöðva settir, blása út kassa og hnykla vöðva.

Sú staðreynd að annar hver handrukkari virðist vera einkaþjálfari á líkamsræktarstöð er hins vegar umhugsunarverð. Nú stunda sérsveitarmenn þær stöðvar eflaust af miklum móð. Það er því ekki ólíklegt að einhver þeirra hafi notið handleiðslu einhvers handrukkarans.

Stefán söng vel

DV bendir á þá furðulegu staðreynd að séra Gunnar Björnsson hafi gefið fólk saman í trássi við vilja biskups, en Gunnar hefur verið kærður fyrir að leita á tvær ungar stúlkur í söfnuði sínum. Vissulega þörf ábending hjá blaðinu.

Á eftir fer síðan skemmtilega nostalgísk lýsing á athöfninni: „Brúðurin kom tíu mínútum of seint og var mikið basl að ganga í átt að kirkjunni vegna veðurs. [...] Stefán Hilmarsson söng í kirkjunni og stóð sig að mati viðstaddra mjög vel.“

Gott að vita að Stebbi klikkar ekki.

kolbeinn@frettabladid.is

Að læra af kreppunni

SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Efnahagsástandið

Að undanförnu hefur sjálfsálit Íslendinga fengið nokkurn skell. Hugmyndin um íslenska efnahagsmógúlinn sem væri bestur og klárastur í öllum heiminum hefur verið leiðarstef í hátíðarræðum ráðamanna um langt skeið og hefur breytt íslenskri tungu. Erlendar fjárfestingar heita núna „útrás“ þótt engum detti í hug að kalla fjárfestingar erlendra lögaðila á Íslandi „innrás“.

En svo er þetta skyndilega búið og þar sem Ísland er unglingur í samfélagi þjóðanna eru geðsveiflurnar eftir því. Í stað útrásarinnar er komin kreppa. Vissulega er kreppan ýkt eins og útrásin var áður en hvorttveggja lýsir þó raunverulegu fyrirbæri; uppgangi sem hefur nú snúist í niðursveiflu. En hvers vegna? Vitum við eitthvað meira um kreppur núna en áður þegar íslenskur stjórnmálamaður og fjármálamógúll líkti kreppunni við vindinn; sem enginn vissi hvaðan kæmi eða hvert færi?

Orsakir?

Öll umræða um kreppur mótast óhjákvæmilega af reynslu sögunnar af heimskreppunni á 4. áratugnum. Af henni viljum við læra og forðast það sem gerðist þá. Það er að vísu ekki einfalt þar sem orsakir heimskreppunnar eru umdeildar og skoðanamunur um það nær yfir allt hið pólitíska litróf. Fáir deila þó um að niðursveifla sem varð á verðbréfamörkuðum í Bandaríkjunum 1929-1930 hafi markað upphaf kreppunnar og vilja margir skilgreina kreppuna sem hreina fjármálakreppu. Of mikið af fjármagni hafi verið í umferð vegna þenslustefnu bandaríska seðlabankans, og sú þensla hlaut fyrr eða síðar að rétta sig af. Þetta hljómar kunnuglega í íslenskum nútímaveruleika, en þó glímdu menn við verri skilyrði á 3. áratugnum að því leyti að þá var ríkjandi rétttrúnaður hagfræðinga að viðhalda skyldi gulltryggingu peningakerfisins. Því fyrr sem horfið var frá þeirri forsendu í ólíkum löndum, þeim mun vægari urðu áhrif kreppunnar. Af þessu mætti jafnvel ráða að ríkjandi barlómur vegna gengisfellingar sé á nokkrum villigötum – það hefur ekkert sérlega jákvæðar afleiðingar að halda gengi gjaldmiðils háu umfram það sem ástand efnahagsins gefur tilefni til.

Kreppan á 4. áratugnum hafði þá sérstöðu að hún var alþjóðleg. Ástæðan var sú að hnattvæðingin var þá þegar hafin og Bandaríkin höfðu lykilstöðu í alþjóðahagkerfinu. Kreppan varð meiri eftir því sem efnahagur landa var nátengdari Bandaríkjunum. Þannig voru áhrif hennar mest í Kanada, Rómönsku Ameríku og Þýskalandi; minni í Bretlandi og Frakklandi; og engin í Sovétríkjunum. Núna er net alþjóðaviðskipta orðið þéttriðnara, en staða Bandaríkjanna er ennþá miðlæg. Það kemur því ekki á óvart að fjármálakreppa í Bandaríkjunum hafi áhrif um allan heim.

Afleiðingar

Enda þótt margt sé til í lýsingum þeirra sem sjá samhengi á milli þenslunnar á 3. áratugnum og niðursveiflunnar sem kom í kjölfarið vantar þó ákveðna dýpt í slíkar skýringar. Fjármálamarkaðir hafa síðar gengið í gegnum dýfur án þess að heimskreppa fylgi í kjölfarið. Enda hafa sumir viljað leita orsakanna á hinni skelfilegu eymd sem fylgdi heimskreppunni á 4. áratugnum í öðru. Þar má benda á bilið milli ríkra og fátækra sem orsakaði neyslukreppu í Bandaríkjunum; Láglaunafólk hafði ekki bolmagn til þess að halda áfram að kaupa neysluvörur og halda þannig hjólum efnahagslífsins gangandi. Ójöfnuðurinn í samfélaginu magnaði svo enn frekar upp neikvæðar afleiðingar kreppunnar þar sem fjöldaatvinnuleysi gerði það að verkum að fjöldi manns komst niður fyrir fátæktarmörk.

Fjármálakreppur eru óhjákvæmilegur – sumir myndu segja nauðsynlegur – hluti af gangverki kapítalismans, en í lýðræðisríkjum er óhugsandi að búa við það ástand sem skapaðist á 4. áratugnum. Þess vegna hafði heimskreppan á sínum tíma þau áhrif að í mörgum ríkjum varð lýðræðið að láta undan síga, en í öðrum ríkjum var skrefið stigið í hina áttina. Hugmyndin um velferðarríkið komst á skrið á 4. áratugnum vegna þess að í ríkjum með almennan kosningarétt þarf líka að taka tillit til hinna örsnauðu. Hún náði mestum framgangi í löndum þar sem jarðvegurinn var mestur fyrir, t.d. á Norðurlöndunum og í Bretlandi. En meira að segja í Bandaríkjunum gekkst ríkisstjórn Roosevelts fyrir stefnubreytingu þar sem uppbygging kapítalísks hagkerfis skyldi framvegis haldast í hendur við jöfnuð og velferð. Í þrjá áratugi hafa bandarísk stjórnvöld verið að grafa undan þessari þversagnakenndu hugmyndafræði – og átt áhangendur um allan heim. En núna er ný fjármálakreppa í uppsiglingu og lærdómurinn af sögu heimskreppunnar verður ekki lengur sniðgenginn.

Heiðursaðild að ESB er ekki til

UMRÆÐAN
Árni Þór Sigurðsson skrifar um Evrópumál

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Í umræðunni um Evrópumálin og gjaldmiðilsmálin hafa talsmenn aðildar Íslands að ESB æ ofan í æ talað um mikilvægi þess að Ísland „léti reyna á“ og kannaði „hvað okkur býðst“ í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Þar með er látið í veðri vaka að Ísland gæti náð einhverjum sérstökum samningum, að Ísland gæti orðið einhvers konar „heiðursfélagi“ í Evrópusambandinu sem nyti einstakra vildarkjara. Hafa margir málsmetandi einstaklingar og fjölmiðlar haldið þessu fram. Þetta er að sjálfsögðu bábilja.

Ef skoðaðar eru yfirlýsingar og fullyrðingar forystumanna og háttsettra embættismanna innan Evrópusambandsins er deginum ljósara að ekkert slíkt er í boði. Í besta falli hafa þeir sem eru velviljaðir Íslendingum látið í það skína að Ísland gæti fengið einhverjar tímabundnar undanþágur, einkum frá sjávarútvegsstefnu sambandsins. En það er í raun algert aukaatriði.

Það má öllum vera ljóst hvað felst í aðild að Evrópusambandinu. Allar samþykktir og sáttmálar um aðild að Evrópusambandinu liggja fyrir, lög og reglur Evrópusambandsins sömuleiðis. Öll aðildarríki verða að beygja sig undir þá skilmála. Undanbragðalaust. Það er ekki hægt að velja sætu berin úr og skilja þau súru eftir. Nema hvað?! Það er ekki í boði neitt „íslenskt ákvæði“ sem undanþiggur Ísland að standa við þær skuldbindingar sem aðrar þjóðir þurfa að gera. Þess vegna er allt tal um að láta reyna á aðild, kanna hvað okkur býðst o.s.frv. til þess eins fallið að slá ryki í augu fólks. Stjórnmálamenn eiga að koma hreint fram gagnvart þjóðinni og segja kost og löst á Evrópusambandsaðild en ekki að gefa í skyn að eitthvað annað og betra fylgi aðild en raun er á. Þannig er alveg ljóst að við myndum m.a. missa forræði yfir stjórn sjávarútvegsmála til Brussel og hið sama á við um viðskiptasamninga við önnur ríki. Um það á ekki að þurfa að deila.

Höfundur er þingmaður og varafulltrúi VG í Evrópunefnd forsætisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÓLÍKAR gerðir heimildarmynda, handritsuppbygging, undirbúningsvinna fyrir tökur, vinna meðan á tökum stendur og eftirvinnsla verða til umfjöllunar á sérstöku námskeiði Farskólans, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, sem hefst 1. október. Nánar á www.farskolinn.is.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

BORÐAÐU ÞIG HOLLARI!

Auðveldar þér að léttast

NÝTT MATAR-PRÓGRAM

Losaðu þig við 5 kíló á 5 vikum

Nýtt og yfirfarið matarprógram, sem hjálpar þér við að losa þig við aukakilóin.

Lærðu um það hvernig þú borðar fjölbreyttar máltíðir með hollum og góðum mat.

GARÐABÆ
REYKJAVÍK
REYKJANESBÆR
AKUREYRI



Léttist um 30 kíló á 30 vikum

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

865-8407 vigtarradgjafarnir.is

Haraldur Þór Teitsson hafði æft fjórum til fimm sinnum í viku áður en hann gekk um Bezengi-dalinnn. MYND/HARALDUR ÞÓR

Rússneskir dalir og fjöll

Göngugarpurinn Haraldur Þór Teitsson hefur gengið á fjöll víða um heim og segir nauðsynlegt að vera í góðu formi áður en lagt er af stað. Sjálfur æfði hann fjórum til fimm sinnum í viku í mörg ár.

Haraldur Þór Teitsson, framkvæmdastjóri Teits Jónassonar ehf., er hálfgerð fjallageit og hefur meðal annars gengið Mont Blanc, Kilimanjaro og Hvannadalshnjúk. Eftirminnilegustu gönguna segir hann hafa verið í Bezengi-dalnum í Kákasus sem hann gekk með félaga sínum umkringdur fjöllum.

„Við vorum búnir að ganga á Elbrus, sem er hæsta fjall Evrópu, en vorum snöggir að því," segir Haraldur. „Þá keyrðum við með vini okkar, sem er rússneskur fjallagarpur, í tíu tíma í Tsétséníu og þar upp í Bezengi-dal sem er alveg ótrúlegur staður. Við gengum í tólf tíma upp dalinn og upp skriðjökul. Gengum svo eftir öllum skriðjöklinum inn í þrengsli þar sem við gistum í litlum kofa. Þarna vorum við umkringdir fjöllum, 5.000 metra háum og hærri, sem var mögnuð tilfinning. Elbrus var skemmtileg reynsla en þetta stóð algerlega upp úr í ferðinni."

Rússneski félaginn hafði sjálfur gengið öll fjöllin í kring og segir Haraldur rússneska göngugarpa vera karla í krapinu. „Þeir eru ofboðslega harðir og enginn veimiltítuskapur í gangi. Þeir eru miklu djarfari en margir og maður fékk í magann yfir sögunum sem hann hafði að segja."

Haraldur segir nauðsynlegt að vera í sæmilegu formi áður en lagt er í svona ferðir. Sjálfur æfði hann fjórum til fimm sinnum í viku og hafði gert í nokkur ár áður en hann fór þessa ferð. Hann viðurkennir þó að í seinni tíð hafi hann slakað aðeins á í fjallakrifri. „Ég hef aðeins minnkað þetta eftir að börnin fæddust. Ég er orðinn voða rólegur núna."

En hvaða fjall á Íslandi ætli standi upp úr hjá þeim sem hafa klifið fjöll og tinda um allan heim? „Það eru mörg fjöll sem er gaman að ganga eins og Botnssúlur og Herðubreiðin er líka skemmtileg en ætli uppáhalds fjallið sé ekki bara Esjan."

heida@frettabladid.is

HEILSA

KEA SKYRDRYKKUR inniheldur hvorki hvítan sykur né sætuefni heldur náttúrulegan agavesafa og meira magn ávaxta en aðrir sambærilegir drykkir. Hann fæst með þremur bragðtegundum: jarðarberjum og banönum, hindberjum og trönuberjum, papaja, ferskjum og ástaraldinum.

STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefjast 30. september n.k.

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.

STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

23. sept. Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?
Haraldur Magnússon osteópati
25. sept. Kókur og eftirréttir
Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur
30. sept. Heilbrigð skynsemi, og heilsan í lag
Matti Ósvald heilsuráðgjafi
07. okt. Mataræði fyrr og nú - Næring í víðari skilningi
Haraldur Magnússon osteópati
08. okt. Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
09. okt. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur

Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

II. stig helgarnámskeið
27. – 28. september

I. stig helgarnámskeið
4. – 5. október

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati

Pantanir í síma **553 3934**, milli kl. 10 og 13 virka daga.
Pantanir óskast staðfestar.

Ertu með eitthvað gott á pjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 24. september kl. 16-18.

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626 .

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

ÞINN RÉTTUR
Almannatryggingalög kynnt fyrir þér

Foreldragreiðslur

Foreldragreiðslur eru greiðslur til foreldra langveikra eða fatlaðra barna sem geta hvorki stundað nám né verið á vinnumarkaði vegna veikinda eða fötlunar barna sinna. Um er að ræða þrjár tegundir greiðslna:

1. Greiðslur til foreldra á vinnumarkaði sem þurfa að leggja niður störf vegna veikinda/fötlunar barns. Um er að ræða greiðslur í allt að sex mánuði. Foreldrar geta átt rétt á hlutfallsgreiðslum ef foreldri leggur niður störf að hluta vegna veikinda barns eða kemur aftur í hlutastarf eftir veikindi barns.

2. Greiðslur til foreldra í námi sem þurfa að hætta námi vegna veikinda/fötlunar barns. Þessar greiðslur eru í allt að þrjá mánuði og eru inntar af hendi þegar önn viðkomandi skóla er lokið og staðfest að foreldri hafi gert hlé á námi.

3. Grunngreiðslur eru fyrir foreldra sem ekki eiga rétt á áðurnefndum greiðslum eða hafa lokið þeim greiðslum. Grunngreiðslur geta staðið fram að 18 ára aldri barns. Með grunngreiðslum eru jafnframt greiddar barnagreiðslur með hverju barni á heimilinu sem er yngra en 18 ára.

Um er að ræða sameiginlegan rétt foreldra. Til að eiga rétt á foreldragreiðslum þurfa foreldrar að hafa nýtt rétt sinn frá atvinnurekanda og greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags. Þær eru ekki greiddar á sama tíma og foreldri fær greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, atvinnuleysisbætur eða fæðingarorlof. Þær hafa ekki áhrif á umönnunargreiðslur sem eiga að koma til móts við kostnað vegna umönnunar barna. Ákvarðanir um greiðslur eru byggðar á lögum nr. 22/2006, með síðari breytingum. Nánar á www.tr.is.

Þinn réttur getur verið margs konar í almannatryggingakerfinu. Með mánaðarlegum dálki vill Tryggingastofnun vera þér, lesandi góður, innan handar með því að kynna fyrir þér ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og þannig benda á mögulegan rétt til greiðslna sem er þér ef til vill ekki kunnugur.

TRYGGINGASTOFNUN *Sjá vefinn www.tr.is*

Karlar sofa verr þegar þeir deila rúmi með öðrum. NORDICPHOTOS/GETTY

Karlar sofa betur einir

NIÐURSTÖÐUR ÚR NÝLEGRI RANNSÓKN SÝNA AÐ KARLAR SOFA VERR ÞEGAR ÞEIR DEILA RÚMI MEÐ ÖÐRUM.

Karlar eiga erfiðara með svefn þegar þeir deila rúmi með öðrum. Þetta eru niðurstöður nýlegrar breskar rannsóknar.

Röskun á svefni hefur áhrif á heilastarfsemi karla daginn eftir og ýtir undir streitu.

Konur virðast hins vegar þola svefntruflanir betur en karlar. Ástæðan er talin sú að konur séu vanari svefntruflunum, til dæmis í kjölfar barneigna.

Sérfræðingarnir sem að rannsókninni stóðu benda á að sá sem hefur vanist því að sofa við hlið einhvers er vís með að eiga erfitt með svefn taki hann upp á því að sofa einn.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk. *- aóv*

Lagerhreinsun

50% afsláttur af völdum vörum t.d.
ATH lagerhreinsunin er aðeins þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag

Peysur ~~áður 5990~~
Nú 2990
Gallabuxur ~~áður 5990~~
Nú 2990
Kjólar ~~áður 9990~~
Nú 4990
Kápur ~~áður 11990~~
Nú 5990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

visir.is
"...ég sá það á vísi"

ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga


Húsnæði óskast

Kona á sextugsaldri óska eftir 2 herb. íbúð. Uppl. í s. 661 4799 e. kl. 13.00.

Óska eftir að leigja til langs tíma 4 herbergja íbúð í Vogahverfinu í Reykjavík. Helst nálægt Langholtsskóla eða TBR húsinu. S. 825 6627.

3-4 herb. helst raðhús, óskast til leigu í vesturbæ, Laugardal eða Fossvogi. S. 858 9111.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

HÚSVAGNAGEYMSLA
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Vetrargeymsla
Geymdu gullin þín í Gónhól Eyrarbakka. Uppl. og skráning Gónhóll.is - Símar 771 1936 & 899 1128 http://www.gonholl.is

Húsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Leigutími frá október 2008 til apríl 2009. Húsið lokað yfir þennan tíma. Verð 3500per/fm fyrir tímabilið. Nánari uppl. í s. 824 8468, Pétur.

ATVINNA

Atvinna í boði

THE ENGLISH PUB

Enski barinn
Ert þú hress og skemmtilegur ? Þá vantar okkur barþjóna og fólk í sal í kvöld og helgarvinnu.
Uppl. á staðnum Austurstræti 12, eftir kl. 15:00 alla daga.

Bakarameistarinn

Villtu ganga til liðs við okkur?
Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri, Austurveri og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði.
Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is

Öryggisgæslan ehf.
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu, alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi.
Skilyrði: Lágmarksaldur 20 ár - hreint sakavottorð - góð Íslensku kunnátta

domo

Veitingastaðurinn Domo
Leitar af metnaðarfullum matreiðslu manni í sitt lið. Sanngjörn laun í boði fyrir réttan aðila.
Upplýsingar gefur Viktor í síma 697 9069 eða á viktoro@simnet.is

domo

Veitingastaðurinn Domo
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Reynsla af þjónuststörfum og góð íslenskukunnáta skilyrði
Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846 eða maggi@domo.is

Gröfumenn
Óska eftir vönum gröfumönnum
Upplýsingar gefur Knut í síma 840 0761
eða Páll Árni í síma 840 0760.

Hreingerning
Óskum eftir fólki til starfa við dagræstingu sem fyrst. 3 störf í boði frá 50-100%. Íslenskukunnátta æskileg eða góð enskukunnátta.
Bónbræður ehf. Uppl. í s. 699 8403.

Vélavörð vantar á beitningavélarbát.
Upplýsingar gefur skipstjóri í síma 842 2886 eða 852 2086.

Kökuhúsið Auðbrekku
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu. Vinutími 12-17.30
Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com

RIZZO PIZZERIA óskar eftir stúlkum 17 ára og eldri til starfa sem fyrst, kvöld og helgarvinna, einnig í fullt starf. Nánari upplýs gefur Diddi í s 840-6670

CASTELLO PIZZERIA Óskar eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar.Nánari upplýsingar i síma 8241221 eða 5773333

Bakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Möguleiki á helgarvinnu. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Tilboð

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

37 ára kk. með meirapróf búsettur í Sandgerði óskar eftir vinnu strax. Helst sem undirverktaki. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 421 5609 & 867 7176.

Trésmiður
Óskar eftir vinnu úti sem og inni. Uppl. í s. 869 6244.

22 ára kk óskar eftir vinnu. Er opinn fyrir ýmsu. Er með stóra vinnuvélaprófið. S. 659 4505.

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur Varðbergs
Aðalfundur Varðbergs, félags áhugamannna um Vestræna Samvinnu, verður haldinn í Skála, Hótel Sögu þriðjudaginn 30. september kl. 18.00. Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf. -Stjórnin

Tilkynningar

Lífsskólinn Aromatherapyskóli Íslands, www.simnet.is/lifsskolinn
Námskeið í ilmolíufræðum fyrir byrjendur er helgina 27. og 28 september.
Upplýsingar í síma 557 7070.
lifsskolinn@simnet.is

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símaþjónusta Spjalldómur

S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.

Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.

Stefnumót.is
Ertu í makaleit? Viltu eignast nýja vini? Vantar þig dansfélaga, ferðafélaga, göngufélaga, spjallfélaga? Stefnumót.is er nýr samskiptavefur fyrir fólk sem gerir kröfur. Vertu æfinlega velkomin/n.

Yndislegar dömur
Nú dregur nær vetri og þá vilja dömurnar á Rauða Torginu gjarnan ylja sér í heitu spjalli við skemmtilega menn. Hver þessara yndislegu kvenna verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (visa, mastercard).

Spennandi upptökur
Hjá Sögum Rauða Torgsins getur þú nálgast ríflega 460 upptökur íslenskra kvenna, langflestar mjög „innilegar", t.d.nr. 8125 (hljóðritun), nr. 8919 (fantasía), og nr. 8344 (frásögn). Njóttu þeirra í einrúmi í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (visa, mastercard).

Tilkynning

Hugarfar

Félag fólks með heilaskaða, aðstandenda þess og áhugafólks um málefnið ætlar að vera með fundi í haust. Fundirnir verða í Hátúni 10B, jarðhæð, kl. 20.00-22.00.

25. sept. Dr. Hörður Þorgilsson sálfræðingur talar um jákvætt hugarfar
23. okt. Hjálpartækjabanki Rauða Krossins mun vera með kynningu á tækjum sem hjálpa við að skipulegga og aðstoða við daglegar athafnir.
27. nóv. Þá ætlum við bara að hittast, spjalla saman og hafa gaman.

Atvinna

SMIÐIR
Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

MÚRARAR
Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

MÁLMIÐNAÐARMENN OG JÁRNSMIÐIR
Erum með vana málmiðnaðarmenn og járnsmiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í s. 840 1616
Kraftafl ehf

Fasteignir

Öldugata 48
220 Hafnarfjörður
Á besta stað í Firðinum

Stærð: 88 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1961
Brunabótamat: 15.750
Bílskúr: Nei

RE/MAX Skeifan

Bókaðu skoðun í s. 692 1649 **Verð: 20.500.000**

Komið inn í forstofugang. 3 svefnherb. 2 rúmgóð með innbyggðum skápum og eitt lítið með lausum skáp. Baðherbergið með opnanlegum glugga, baði og sturtu. Eldhús með hvítri viðarinnréttingu og rúmgóðum borðkrók, uppþvottavél og ísskápur fylgja. Stofan er rúmgóð með suðurglugga og útgengi á svalir. Á gólfum er nýtt parket á stofu, borðstofu og eldhúsi, en eldra parket á herbergjum og gangi, dúkur á baðherb. Í sameign er geymsla íbúðar, þvottahús og hjólageymsla. Stutt er í skóla og leikskóla.

Ólafur Geir
Sölufulltrúi
6921649
oligeir@remax.is

Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is

RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is

Tilkynning

Auglýsing um skipulag í Kópavogi. Kársnes - vesturhluti.

Kynningarfundur um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024.

Fyrir hönd Samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins efna bæjaryfirvöld í Kópavogi til kynningarfundar 25. september 2008 um tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu á Kársnesi - vesturhluta.

Á fundi samvinnunefndarinnar 8. september 2008 var samþykkt að heimila Kópavogsbæ að kynna tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin nær til byggðasvæðisins "Kópavogur vestur". Nánar tiltekið nær breytingin til vesturhluta Kársness og felur í sér að nýr byggingarreitur fyrir blandaða byggð til 2024 verður skilgreindur vestast á nesinu og nær yfir núverandi iðnaðar- og hafnarsvæði og landfyllingar. Auk þess er gert ráð fyrir um 1 ha nýrri landfyllingu, sem skilgreind verður sem opið óbyggt svæði.

Tillagan felur jafnframt í sér breytingar á töflum 3.1 og 3.2 í greinargerð svæðisskipulagsins (um fjölda íbúða og stærð atvinnuhúsnæðis). Heildarfjöldi íbúða í "Kópavogi vestur" verður eftir breytinguna 10.050 í stað 9.250 eða fjölgun um 800 íbúðir og heildarstærð atvinnuhúsnæðis eftir breytinguna verður 613.000 m2 í stað 623.000 m2 eða fækkun fermetra í atvinnuhúsnæði um 10.000 í "Kópavogi vestur".

Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla "Kársnes - Vesturhluti. Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Umhverfisskýrsla" dags. í júlí 2008.

Breytingartillagan verður kynnt í Kársnesskóla við Vallargerði í Kópavogi, fimmtudaginn 25. september nk. kl. 20.00. Allir velkomnir.

Skipulagsstjóri Kópavogs

ALLT FERÐIR
Alla miðvikudaga og laugardaga

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Norræn lögregluskipan

UNMRÆÐAN

Jón Bjartmarz skrifar um lögreglumál

Í Morgunblaðinu sunnudaginn 10. september sl. er viðamikil umfjöllun um mismunandi skoðanir innan lögreglunnar um frekari endurskipulagningu hennar og sýnist sitt hverjum. Mikið er þó af misvísandi upplýsingum og jafnvel settar fram rangar staðhæfingar.

Í nýlegu minnisblaði dómsmálaráðherra um fyrirhugaðar breytingar á skipan lögreglu er ekki gert ráð fyrir að færa eigi verkefni frá ríkislögreglustjóra. Hagsmunaaðilar hafa haldið því fram í fjölmiðlum undanfarna daga að rétt sé að færa verkefni frá ríkislögreglustjóra og minnka miðlæga stýringu innan lögreglunnar. Þeir hafa haldið því fram að þróunin í nágrannalöndunum sé í þá veru en sú staðhæfing er alröng. Aukin skipulögð alþjóðleg glæpastarfsemi hefur þvert á móti kallað á endurskipulagningu og aukna miðstýringu lögreglu enda virða glæpamenn hvorki umdæmamörk lögreglu né landamæri ríkja. Lögregla á Vesturlöndum hefur því þurft að laga sig að breyttum heimi með stóraukinni

JÓN F. BJARTMARZ

alþjóðlegri lögreglusamvinnu. Þessi þróun kallar til dæmis á að komið verði á miðlægri rannsóknardeild hér á landi sem starfi á landsvísu og í samvinnu við sambærilegar lögregludeildir erlendis svo sem Kripos í Noregi, NEC í Danmörku, Centralkriminalpolisen í Finnlandi og Rikskriminalpolisen í Svíþjóð. Skipan hérlendis þar sem einstakir umdæmabundnir lögreglustjórar annist allar rannsóknir á skipulagðri glæpastarfsemi er ófullnægjandi til að takast á við þessar nýju ógnir.

Það sjónarmið þeirra Jóhanns R. Benediktssonar og Stefáns Eiríkssonar að færa eigi svæðisbundnum lögreglustjórum landsvísuverkefni er því gagnstæð norrænni lögregluskipan. Ef um landsvísuverkefni er að ræða á Norðurlöndum þá er því annaðhvort komið fyrir sem deild hjá ríkislögreglustjóranum eða sem undirdeild frá honum sem stjórnað er af sérstökum lögreglustjóra sem fer þá með verkefni á landsvísu í ákveðnum málaflokkum. Þannig eru m.a. reknar tæknideildir, rannsóknardeildir vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, öryggislögregludeildir, þjóðvegaeftirlitsdeildir, efnahagsbrotadeildir og í öllum löndunum sérsveitir nema í Noregi og Finnlandi. Þar er skipanin óðruvísi varðandi sérsveitirnar og dags daglega starfa þær innan höfuðborgarlögreglu en sinna verkefnum á landsvísu samkvæmt fyrirmælum ríkislögreglustjóra. Lögreglustjórarnir í höfuðborgunum hafa hins vegar ekki umboð á landsvísu varðandi starfsemina. Sú skipan hér á landi að starfrækja tæknideild hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu á landsvísu er því í eðli sínu óeðlileg eins og reyndar kemur fram í áðurnefndu minnisblaði ráðherrans.

Umræða um það hvort færa eigi verkefni frá ríkislögreglustjóra ætti því frekar að snúast um að skipa undir ríkislögreglustjóra, lögreglustjóra með ábyrgð á verkefnum á landsvísu. Það er sú leið sem farin er á hinum Norðurlöndunum. Lögreglustjórarnir á landsbyggðinni hafa almennt lagst gegn því að stoðverkefni ríkislögreglustjóra færist til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu því núverandi skipan tryggi þeim jafnræði.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið í Noregi og Danmörku síðasta áratug hafa falist í að fækka svæðisbundnum lögreglustjórum, stækka umdæmin, fjölga lögreglustjórum sem fara með landsvísuverkefni og auka miðstýringarvald ríkislögreglustjóra yfir lögreglunni. Reyndar er það svo að fjármálayfirumsjón lögreglu á hinum Norðurlöndunum hefur að mestu verið í einni fjárveitingu til lögreglu sem ríkislögreglustjóri skipuleggur skiptingu á í samræmi við árangursstjórnunarsamninga og í samráði við lögreglustjórana. Fylgt er stefnumörkun þjóðþings, dómsmálaráðaherra, áhersluatriðum ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara við forgangsröðun verkefna. Slík skipan tryggir betur samvinnu og forgangsröðun við löggæslu og tilflutningur á lögreglumönnum og búnaði verður auðveldari.

Í ljósi fámennis íslensku lögreglunnar er mikilvægt að skipulag hennar sé einfalt og að hagkvæmni og besta möguleg nýting mannafla náist. Því er eðlilegast að reka landsvísudeildir sem deildir hjá ríkislögreglustjóra frekar en búa til sérstakar landsvísustofnanir undir hans yfirstjórn sem kallar á fleiri yfirstjórnendur og kostnað. Mun skilvirkara og hagkvæmara er að litið verði á lögreglustjórana sem lykilstjórnendur innan sameinaðs lögregluliðs, með mikið sjálfstæði hver í sínu umdæmi og/eða varðandi landsvísuverkefni sem þeim hafa verið falin.

Sátt ríkir innan lögreglu um nauðsyn þess að fækka svæðisbundnum lögreglustjóraembættum og aðskilja lögreglustjórn frá sýslumönnum. Enn þá halda þó sumir því fram að þar sem lögreglustjórar fari áfram með ákæruvald, þurfi þeir að vera lögfræðimenntaðir. Sú krafa að lögreglustjóri væri lögfræðingur var aflögð í Noregi 2000 og Danmörku 2007 en í báðum löndunum er sama skipan og hér að lögreglustjórar fara með lægsta stig ákæruvalds.

Fagþekking og menntun í lögreglufræðum, stjórnunarmenntun og starfsreynsla eru þær forsendur sem líta ætti til við ráðningar lögreglustjóra, eins og er á Norðurlöndunum.

Höfundur er yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra.

FÆRÐ ÞÚ HAUSTUPPBÓT?

Drögum út tuttugu milljónamæringa á morgun.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Drögum á morgun 24.09.2008

GOTT FÓLK

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Ástkær móðir okkar,

Sigríður Ingibjörg Eyjólfsdóttir

frá Borgarfirði - eystra,

verður jarðsungin frá Bakkagerðiskirkju fimmtudaginn 25. september kl. 14.00.

Börnin.

Bróðir okkar,

Þorsteinn Jónsson (Denni)

vélstjóri frá Ísafirði, Arnarhrauni 18, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 19. september.

Systkini hins látna.

BRUCE SPRINGSTEEN ER 59 ÁRA Í DAG.

„Ég hugsa að fólk sé allt lífið að átta sig á skilaboðunum sem það fékk ungt að árum.“

Bandaríski söngvarinn Bruce Springsteen á langan og farsælan feril að baki. Hann hefur meðal annars gefið út plöturnar Born in the U.S.A. og Magic.

Elskulegur eiginmaður minn, tengdasonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Sigurjónsson

Gullsmára 9, áður Álfhólsvegi 24A Kópavogi,

lést sunnudaginn 20. september á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi.

Rannveig Leifsdóttir
Leifur Eiríksson
Sveinbjörg Haraldsdóttir **Guðlaugur Kristinsson**
Jóhanna Helga Haraldsdóttir
Eiríkur Ingi Haraldsson **Bryndís Reynisdóttir**
Íris Elva Haraldsdóttir
Elín Björg Haraldsdóttir **Sveinn Ragnar Jónsson**
barnabörn og langafabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

tímamót

timamot@frettabladid.is

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför

Skjaldar Stefánssonar

fyrrv. útibússtjóra, Sunnubraut 17, Búðardal.

Guð blessi ykkur öll.

Sigríður Kristín Árnadóttir
Þórhallur Stefán Skjaldarson
Pálína Hrönn Skjaldardóttir **Hafliði Kristinsson**
Stefán Skjaldarson **Ingibjörg Eggertsdóttir**
Árni Óttarr Skjaldarson **Guðrún P. Sveinsdóttir**
Skjöldur Orri Skjaldarson **Carolin A Barre-Schmidt**
Brynja Stefánsdóttir **Kjartan Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

KEILIR: KAUPIR FLOTA NÝRRA KENNSLUFLUGVÉLA

Býður upp á nútíma flugkennslu

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, festi nýverið kaup á fimm nýjum kennsluflugvélum frá Diamond Aircraft Industries fyrir flugakademíu skólans. Þessar flugvélar, sem eru framleiddar í Austurríki og Kanada, eru meðal annars notaðar af bandaríska flughernum til grunnþjálfunar flugmanna og eru fyrstu vélarnar væntanlegar til landsins um miðjan október.

„Þetta eru með fullkomnustu kennsluvélum sem völ er á og þær eiga mun meira sameiginlegt með þotum en þær kennsluflugvélar sem notast er við í dag, sem margar eru komnar til ára sinna,“ segir Kári Kárason, skólastjóri Flugakademíu Keilis.

Um er að ræða tvær DA20 tveggja manna vélar, tvær DA40 fjögurra manna vélar og eina DA42 tveggja hreyfla, fjögurra manna vél með afísingar- og blindflugsbúnaði. Vélarnar eru allar búnar stýripinna og stærri vélarnar eru jafnframt búnar stafrænum stjórntækjum og mælaborði. Þá eru þær knúnar umhverfisvænum og sparneytnum dísilhreyflum.

„Við náum fram hagkvæmni með straumlínulöguðum vélum með sparneytnum mótorum. Við græðum þó lítið enda vélarnar dýrar en markmiðið er að hleypa af stokkunum nútíma flugkennslu. Flugnámi hérlendis þarf að breyta og nýju kennsluvélarnar eru stórt skref í þá átt. Ef vel gengur er möguleiki að bæta öðrum fimm vélum við samninginn árið 2009,“ segir Kári.

Flugnemendum sem stunda nám hjá Flugakademíu Keilis gefst kostur á að leigja íbúðir á gamla varnarsvæðinu í Keflavík og helga sig alfarið flugnáminu. Kári á von á því að margir nýti sér þann möguleika.

Spurður segir hann ekki óskynsamlegt að hefja nám þrátt fyrir niðursveiflu í flugi. „Fólk missir gjarnan trúna á flugi á tímum sem þessum en þetta er þó einmitt rétti tíminn til að byrja að læra. Það tekur um tvö til þrjú ár að klára atvinnuflugmannsnámið og að þeim tíma liðnum er von til þess að uppsveifla verði í geiranum og þá er betra að vera með tilbúin réttindi. “

vera@frettabladid.is

STÓRT SKREF Kári Kárason, skólastjóri Flugakademíu Keilis, segir flugnám hér á landi þurfa á breytingum að halda og nýju kennsluvélarnar séu stórt skref í þá átt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Örn Hólmar Sigfússon

Lindargötu 57, Reykjavík,

sem lést á Landspítala Fossvogi 17. september sl., verður jarðsettur frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 30. september kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim er vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Fríða Valdimarsdóttir
Rúnar V. Arnarson **Eygló Sigurjónsdóttir**
Ísar Guðni Arnarson
Ingólfur Arnarson **Þórhildur Guðlaugsdóttir**
Sævar Arnarson
Halldór Sigdórsson **Marta Katrín Sigurðardóttir**
Ævar Sigdórsson **Una Lilja Eiríksdóttir**
Silvía B. Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hluttekningu og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Guðnýjar Grendal Magnúsdóttur

Krossnesi.

Jóhannes Magnús Þórðarson, börn, tengdabörn og barnabörn.

Okkar ástkæra dóttir,

Kristín Sigríður Halldórsdóttir

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 19. september. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hanne Hintze og Halldór Sigurðsson.

Móðir okkar og tengdamóðir,

Sigríður Ingibjörg Kristinsdóttir

Grund, Hringbraut 50,

lést miðvikudaginn 17. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 24. september kl. 11.00.

Sölvi Þór Þorvaldsson **Kristín Kristjánsdóttir**
Valur Steinn Þorvaldsson **Guðrún Sigurðardóttir**
Þorvaldur Þorvaldsson **Gróa Kristjánsdóttir**
Haukur Þorvaldsson
ömmu- og langömmubörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Kristjana Þorsteinsdóttir

Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu föstudaginn 19. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 29. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

Gerður Ólafsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir **Bjarni Bjarnason**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hjördís Óladóttir

áður til heimilis að Engimýri 12, Akureyri,

andaðist að Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 20. september síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Óli G. Jóhannsson **Lilja Sigurðardóttir**
Edda Jóhannsdóttir **Þórhallur Bjarnason**
Örn Jóhannsson **Þórunn Haraldsdóttir**
Emilía Jóhannsdóttir **Eiður Guðmundsson**
ömmubörn og langömmubörn.

Óslitin sigurganga

– Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar



Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent



* Meðallestur 18–49 ára – allt landið

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Fréttablaðið er með 43% meiri lestur en 24 stundir og 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir. Í stærsta neysluhópnum, 18–49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí–júlí 2008. Kannanir síðustu fjögurra ára hafa skotið samkeppnisaðilunum lengra og lengra afturfyrir Fréttablaðið. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft... **...alla daga**

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

10%
vaxtaauki!
Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**
spron
– bankinn þinn

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Gítarnámskeið
Einkatímar
Skráning hafin
Sími 581-1281
gitarskóli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

Tuskur
sem létta þrifin
Klútar
Grisjur
Svampar
Pottasvampar
Gólfklútar
Rykklútar
- allt til þrifa

TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is

Í Markaðnum á morgun

NEYTENDUR, ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ.

HVER ER ÞESSI SHEIK SEM FJÁRFESTIR Í ÍSLENSKUM FYRIRTÆKJUM?

FJÁRFESTINGABANKAR, MÓDEL SEM HEYRIR BRÁTT SÖGUNNI TIL?

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

NOKKUR ORÐ
Sunna Dís Másdóttir

Tilraun í svartsýni

Þegar ég var ung að árum þóttist ég á tímabili vera rosalega svartsýn. Ég get ekki munað af hverju mér þótti það svona smart, en ég man að ég gerði heiðarlega tilraun. Ég fékk mig reyndar ekki til að ganga í svörtum og rifnum fötum eða hrúga á mig svörtum augnskugga upp á panda-lúkkið, sem segir annað af tvennu: ég er svartsýn eða augnfarðahreinsirinn minn var að klárast og ég hef ekki efni á nýjum alveg strax. Hins vegar andvarpaði ég voðalega mikið og dritaði í kringum mig frösum á borð við „ef maður býst ekki við neinu verður maður aldrei fyrir vonbrigðum“ með afskaplega spekingslegan svip sem ég var búin að æfa fyrir framan spegilinn.

Þetta svartsýnistímabil varð ekki langt, enda var ég fljót að átta mig á því að þetta var náttúrulega helber vitleysa. Ef maður býst ekki við neinu er allt bara alveg afskaplega hundleiðinlegt. Ég tel mig hafa sannreynt þetta á síðustu vikum, þar sem ég losaði um allar hömlur og gekk af göflunum í tilhlökkun vegna afmælis míns. Ég gerði það að stórmáli, bjóst við engu minna en veislu aldarinnar og í kjölfarið varð það svona líka rífandi stórskemmtilegt.

Veislugestir hafa í það minnsta fyrirgefið mér þá vægu maníu sem hefur haft mig í greipum sínum síðustu vikur, enda uppskáru þeir líka afrakstur hennar. Ég hef því strengt það afmælisheit að láta aldrei aftur freistast til þess að gjóa augunum á svarta augnskuggann. Það er svo miklu skemmtilegra að búast við öllu. Þó að maður uppskeri ekki nema helming er það engin ástæða til vonbrigða. Plús að svartur augnskuggi fer mér ekki.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Overli



Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell

Barnalán
Eftir Kirkman/Scott

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 23. september

Tónleikar

22.00 Hljómsveitin **Bræðingur** leikur á Kaffi Rósenberg. Á efnisskránni verður frjálsleg spunatónlist eftir hljómsveitarmeðlimi ásamt öðru efni af jazzætt.

12.00 **Hádegistónleikar** Hrólfur Sæmundsson barítónsöngvari og Herdís Anna Jónasdóttir sópransöngkona flytja ásamt Hilmari Erni Agnarssyni íslensk lög í Fella og Hólakirkju.

20.00 **Einleikur - tvíleikur** Tónleikar í tilefni af sjötugsafmæli Atla Heimis Sveinssonar tónskálds. Fram koma m.a. söngvararnir Ágúst Ólafsson, Bergþór Pálsson og Sólrún Bragadóttir og píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson. Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

Fyrirlestrar

12.00 **Forsetakosningarnar í Bandaríkjunum** Brad Evans, stjórnmálaerindreki bandaríska sendiráðsins á Íslandi, heldur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri, L201, Sólborg, v. Norðurslóð.

17.30 **Eru Norðurlöndin einhvers virði í alþjóðasamhengi** Kristín Ólafsdóttir ræðir á síðdegisfundi hvernig norrænu samstarfi er háttað í dag. Norræna félagið, Óðinsgötu 7.

Sýningar

Handverk og hefðir Í þjóðarbókhlöðunni stendur yfir sýning á japanskri nytjalist. Sýningin stendur til 5. október og er opin á opnunartíma mán.-fös. 8.15-22, lau. 10-17 og sun. 11-17.

Ljós í myrkri Í húsi Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 stendur yfir sýning um lýsingu og lýsingarhönnun. Sýningin stendur til 26. september og er opin mán.-fös. frá 9-16.

Síðustu Forvöð

START ART listamannahús Sex listamenn sýna á einkasýningum og einni samsýningu. Þau eru Anna Eyjólfsdóttir, Magnús Pálsson, Magnea Ásmundsdóttir, Ásdís Spanó, Harpa Dögg Kjartansdóttir og Didda Hjartardóttir Leaman. Sýningum lýkur á morgun. Opið frá kl. 13-17. START ART, Laugavegi 12b.

Myndlist

Þar spretta laukar, þar gala gaukar Steinunn Marteinsdóttir sýnir í Listasal Mosfellsbæjar, Þverholti 2, Mosfellsbæ. Sýningin er opin mán.-fös. kl. 12-19 og lau. kl. 12-15 og stendur til 18. október.

Réttardagur Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir verk á Glerártorgi. Sýningin er opin á opnunartíma verslana. Glerártorg, Gleráreyrum, Akureyri.

8+8 Made in Hafnarfjörður Til sýnis er afrakstur samstarfs átta alþjóðlegra hönnnuða og átta hafnfirska framleiðslufyrirtækja. Sýningin er í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar og fer fram í sýningarsalnum Dverg, Lækjargötu 2. Opið virka daga frá 14-19 en um helgar frá 12-17.

Tilbrigði - variation Sigurlín M. Grétarsdóttir sýnir verk á Café Karólínu, Kaupvangsstræti 23, Akureyri. Sýningin stendur til 3. október og er opin alla daga frá 11.30.

Brot úr verkum Arna Valsdóttir er með sýningu í Kunstraum Wohnraum, Ásabyggð 2, Akureyri.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Þú nýtir þér Bílafrelsi Brimborgar fyrir 27. september n.k. og færð að auki gæðavetrardekk.

Veldu hagkvæmustu og auðveldustu leiðina

Nýttu þér tilbo Bílafrel

Nýtt

Veldu hagkvæma leið. Veldu Bílafrelsi Brimborgar.

Nú er góður tími til að fá sér nýjan bíl fyrir veturinn. Þú velur hagkvæmustu leiðina og nýtir þér tilboðin sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar. Bílafrelsi er frábær útfærsla á einka-/rekstrarleigunni. Bílafrelsið er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði, ef þú vilt. Það er erfitt að finna auðveldari leið til að fá sér nýjan bíl.

Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Nýttu þér tilboðin sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar. Kynntu þér einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú hugleiðir hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

Strax í dag. Dæmi um tilboð með Bílafrelsi Brimborgar:

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 54.900 kr. á mánuði.

Mazda6 Advance

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Mazda6

Hringdu núna í síma 515-7000

2,0i 147 hö 184 Nm sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 182 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,7 l/100 km
Septemberverð: 3.090.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 54.900 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 559.486 kr.
6 bílar á þessu tilboði.

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 34.800 kr. á mánuði.

Ford Fiesta Trend

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Fiesta

Hringdu núna í síma 515-7000

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,4 l/100 km
Septemberverð: 1.930.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 34.800 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 334.870 kr.
6 bílar á þessu tilboði.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Einka-/rekstrarleiga er miðuð við mánaðarl. greiðslur í 24 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, myntkarfa: 40% EUR, 25% USD, 15% JPY og 20% CHF. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

Nýjung
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Nýjung
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

ðin sem fylgja
si Brimborgar

Bílafrelsi Brimborgar 12-24

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 42.500 kr. á mánuði.

Citroën C4 SX

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Septemberverð: 2.330.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 42.500 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 412.503 kr.
3 bílar á þessu tilboði.

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Citroën C4

Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 79.900 kr. á mánuði.

Ford Escape XLS AWD

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Septemberverð: 3.870.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 79.900 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 704.061 kr.
7 bílar á þessu tilboði.

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Escape

Hringdu núna í síma 515-7000

Þú nýtir þér Bílafrelsi Brimborgar fyrir 27. september n.k. og færð að auki gæðavetrardekk.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Einka-/rekstrarleiga miðast við innborgun sem nemur 4 afb. í tryggingafé. Ef leigutaki nýtir sér bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Septemberverð er nettóverð með afslætti. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Aukabúnaður á mynd er ekki innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
CHARLIE BARTLETT	kl. 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8:20 - 10:30	16
TROPIC THUNDER	kl. 8:10 - 10:30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:10	12
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:40	VIP
STAR WARS	kl. 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D	kl. 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE DIGITAL-3D	kl. 8 - 10:10	12
GET SMART	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
MAMMA MÍA	Sýnd næst 27. og 28. sept.	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
MIRRORS	kl. 8	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
PINAPPLE EXPRESS D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
PINAPPLE EXPRESS LÚXUS - D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
	5%	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 6 - 9	12
MIRRORS	kl. 10.30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

STEP BROTHERS	kl. 5.45- 8 - 10.30	12
TROPIC THUNDER	kl. 5.30- 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10.20	L
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 6	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER ekki í 3D	kl. 6 -8	12
STEP BROTHERS	kl. 10	L
MAMMA MIA	kl. 6	L
	5%	

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.45, 8 og 10	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 4, 6 og 8	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR - ÍSL. TAL	kl. 4	L
MAMMA MIA	kl. 4, 6.30, 9 og 10.15	L

HRÆRT Í POTTUM Sveinn Friðfinnsson mun sakna Staðarskála. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Draugarnir flytja ekki með

Veitingahúsa- og sjoppumenning Hrútafjarðar tekur nú algjörum stakkaskiptum. Búið er að rífa Brú og nýr Staðarskáli verður opnaður vestanmegin í firðinum á fimmtudaginn. Nú fer því hver að verða síðastur að sækja hinn sögufræga Staðarskála heim.

Kokkurinn Sveinn Friðfinnsson segir mikinn söknuð að gamla staðnum. „Ég kom hingað fyrst fyrir einum þrjátíu árum, en hef unnið hér í ein tólf ár, minnir mig. Mér þykir leitt að kveðja gamla staðinn, en það eru nú svo sem ekki allir jafn gamaldags og vitlausir og ég.“

Sveinn segist fylgja með yfir ána. „Ég er búinn að skoða nýja staðinn og líst vel á. Ég á ekki von á að það verði neinar meiri háttar breytingar á matseðlinum. Það hefur gefist vel að bjóða upp á þrjár tegundir af heimilismat. Kúnnunum líkar það vel, ég er einmitt að horfa á einn núna sem er að hesthúsa hálft kíló af plokkfiski með bestu lyst. Það er nýr matseðill á hverjum degi.“

Sveinn segir stundum koma fyrir að fjórir réttir séu á matseðlinum, ef hann vaknar þannig stemmdur. „Vaktirnar eru góðar og ég sef í kjallaranum, einn í húsinu. Eða ekki alveg einn. Það eru góðar vættir með mér, sumir myndu kalla það drauga. En ég er hræddur um að ég fái þá ekki til að flytja í nýja húsið.“

Stöðvarstjórinn Kristinn Guðmundsson segir nýja staðinn munu heita N1 – Staðarskáli. „Verslunin verður eins og Nestis-verslanirnar í Reykjavík en veitingasalan verður svipuð og hún hefur verið, nema við bætum einhverju við, til dæmis pitsum.“

Kristinn segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um það hvaða starfsemi fari fram í gamla Staðarskála. Aðeins eitt er víst: Nýi Staðarskáli verður opnaður á slaginu klukkan átta á fimmtudagsmorguninn.

drgunni@frettabladid.is

FRÁ NÝJA STAÐARSKÁLA Kristinn Guðmundsson og kona hans, Vilborg Magnúsdóttir.

N1-STAÐARSKÁLI Á SÍÐUSTU METRUNUM Opnaður á slaginu átta á fimmtudaginn.

30 Rock og Mad Men sigruðu

Þættirnir 30 Rock og Mad Men voru atkvæðamestir á nýafstaðinni Emmy-verðlaunahátíð í Bandaríkjunum, sem var sú sextugasta í röðinni. 30 Rock fékk fern verðlaun, þar á meðal sem bestu gamanþættirnir annað árið í röð. Aðalleikararnir Alec Baldwin og Tina Fey voru valdir bestu gamanleikararnir auk þess sem Fey fékk verðlaun fyrir besta gamanhandritið.

Þetta voru fyrstu Emmy-verðlaun Baldwins en hann hafði verið tilnefndur sex sinnum áður. „Þetta er skemmtilegasta starf sem ég hef haft á ævinni,“ sagði hann.

Mad Men, sem gerast á auglýsingastofu í New York á sjöunda áratugnum, fengu stærstu verðlaun kvöldsins sem bestu dramaþættirnir. Einnig unnu þeir fyrir besta dramatíska handritið. Glenn Close var valin besta leikkonan í dramaþætti fyrir hlutverk sitt í lögfræðiþáttunum Damages og Bryan Cranston var kjörinn besti dramaleikarinn fyrir sína frammistöðu í Breaking Bad.

ALEC BALDWIN Baldwin vann sín fyrstu Emmy-verðlaun fyrir hlutverk sitt í gamanþáttunum 30 Rock.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

John Adams hlaut fimm verðlaun, þar á meðal sem besta stutta þáttaröðin. Einnig fengu leikararnir Paul Giamatti, Laura Linney og Tom Wilkinson verðlaun fyrir sína frammistöðu í þáttunum, sem fjalla um annan forseta Bandaríkjanna.

Þeir Jeremy Piven og Jean Smart fengu síðan Emmy sem bestu aukaleikararnir í gamanþáttum fyrir sín hlutverk í þáttunum Entourage og Samantha Who? Þá voru The Amazing Race kjörnir bestu raunveruleikaþættirnir í sjötta sinn.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á midi.is
www.osk.is stendur fyrir sýningunni.
SYNGDU MEÐ
TEKJUHÆSTA MYND ALLRA TÍMA
18 ÁRA ALDURSTAKMARK NEMA Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM
VEITINGASALA OPIN
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS

LAUGARDAGINN 27. SEPTEMBER KL. 20.00

Bólufreðnir á flótta

Dale Denton vinnur við að keyra um og afhenda fólki kærur, sem gefur honum mikinn tíma aflögu til að reykja jónur. En eitt kvöldið við vinnu sína verður hann vitni að morði, af hendi eiturlyfjabarónsins Ted. Dale flýr af vettvangi en hendir frá sér jónunni sinni í gáleysi. Gæfan reynist honum ekki hliðholl því hann var að reykja hið fágæta Pineapple Express, sem leiðir Ted til Dale og dópsalans hans, Saul. Þeir virðast nú sama og dauðir.

Pineapple Express er enn ein gamanmyndin frá Judd Apatow-genginu sem hefur getið af sér bestu gamanmyndir síðustu missera, þar á meðal Forgetting Sarah Marshall, Superbad og Knocked Up. Þeir félagar slá enn eina holu í höggi með Pineapple Express, jafnvel þótt þeir breyti nú aðeins til með því að færa okkur nokkuð mikla hasarmynd, helst í stíl við löggumyndirnar frá níunda áratugnum. Apatow hefur nú fengið til liðs við sig leikstjórann David Gordon Green, þekktari fyrir listrænar myndir á borð við Snow Angels og All the Real Girls. Það er því nokkur breyting fyrir hann að gera dópistagrínmynd, um tvo félaga sem ráða illa við lífshættulegar kringumstæður vegna vímunnar. Rogen og Evan Goldberg skrifa handritið, en þeir skrifuðu einnig Superbad, og byggja byrjunina mest á afslöppuðum samtölum og dópbröndurum sem þróast svo í meiri hasar. Lauslegur söguþráðurinn helst saman af bráðfyndnum atriðum, sem mörg hver virðast spunnin að hluta, og myndin hikar ekki við að vera eilítið gróf á köflum. Seth Rogen sannar sig á ný sem aðalleikari þótt hann virðist ekki stjörnuefni við fyrstu sýn. Spider-Man leikarinn James Franco stendur sig þó best sem kostulega utan við sig en viðkunnanlegur dópsali, og samspil þeirra tveggja er oft skondið. Danny McBride úr Tropic Thunder stelur senunni í ótrúlega fyndnu hlutverki. Aðalskúrkurinn er í höndum Gary Cole, sem er þekktari sem yfirmaðurinn úr Office Space. Það er helst í endanum sem Pineapple Express tapar þræðinum og gerir aðalpersónurnar að of miklum hasarstjörnum; en það kemur ekki mikið að sök. Þetta er bráðfyndin og skemmtileg mynd sem telst í hópi bestu gamanmynda ársins.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

KVIKMYNDIR

Pineapple Express

Leikstjóri: David Gordon Green.
Aðalhlutverk: Seth Rogen, James Franco.

★★★★

Enn ein frábær gamanmynd frá Judd Apatow-genginu.

Nýtt lag frá Lay Low

Önnur plata Lay Low nefnist Farewell Good Night´s Sleep og fer fyrsta lagið af henni, By and By, í spilun í dag. Platan kemur út sextánda október á vegum Cod Music og um kvöldið mun Lay Low halda útgáfutónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Hún verður einnig á meðal þeirra sem spila á Iceland Airwaves-hátíðinni skömmu síðar.

Lay Low tók plötuna upp í Toreag-hljóðverinu í London með upptökustjóranum Liam Watson sem hefur unnið með stórum nöfnum á borð við The White Stripes og Supergrass. Naut hún einnig aðstoðar hljóðfæraleikaranna Carwyn Ellis, Ed Turner, Rupert Brown, Matt Radford, Jason Wilson og BJ Cole.

MEÐ HLJÓMSVEITINNI Lay Low ásamt hljóðfæraleikurunum sem aðstoðuðu hana við gerð nýju plötunnar.

> Jakob lék á ný með KR

Landsliðsmaðurinn Jakob Örn Sigurðarson lék sinn fyrsta opinbera leik með KR í átta ár þegar KR vann Val 101-67 á Reykjavíkurmóti karla í körfubolta í Vodafone-höllinni í gærkvöldi. Jakob lék í 23 mínútur í leiknum, skoraði 12 stig og gaf 2 stoðsendingar. Arnar Kárason og Baldur Ólafsson léku einnig á ný með KR í gær og skoruðu báðir 3 stig. Jason Dourisseau var atkvæðamestur með 34 stig, 17 fráköst og 6 stolna bolta en hin gamalreyndi Lárus Árnason vakti mikla lukku með því að skora 8 stig á 10 mínútum.

sport
sport@frettabladid.is

MARÍA BJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR: VANN FYRSTA TITILLINN Á LAUGARDEGI OG VAR KOMIN Í LANDSLIÐIÐ Á MÁNUDEGI

Hef vonast til að komast í landsliðið í allt sumar

María Björg Ágústsdóttir, markvörður bikarmeistara KR, spilaði sig inn í landsliðið með frábærri frammistöðu í bikarúrslitaleiknum um helgina.

„Þetta var fyrsti alvörutitillinn hjá mér í meistaraflokki og það vantar ekki að hann hafi verið gleðilegur," segir María Björg, sem var sú fyrsta til að halda hreinu á móti Valsliðinu í sumar. „Þótt maður hafi vonað það gat maður ekki treyst á það að ná að halda hreinu á móti Val. Þær eru það lunknar frammi og ég ber mikla virðingu fyrir þeim sem sóknarmönnum. Þetta féll með okkur þennan daginn," segir María.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari sagði í gær að það hefði verið frammistaða hennar í bikarúrslitaleiknum sem kom henni í landsliðið.

„Ég vonaðist til þess að ég næði að spila mig inn í landsliðið og ég hef vonast til þess í allt sumar. Ég leyni því ekki að ég er búin að vilja þetta lengi. Það má kannski segja það að þegar maður fór að hugsa minna um það fór þetta að ganga betur hjá manni. Maður hefur voða lítið um að segja sjálfur því þjálfarinn hefur valdið," segir María. „Mér finnst gott að komast í landsliðið fyrir þann leik sem skiptir mestu máli og það er líka gott að enda tímabilið af krafti."

María hefur engar áhyggjur þó að tólf af átján leikmönnum komi úr KR og Val sem hafa barist svo hart um titlana í sumar. „Ég held að það verði ekkert mál að fara að spila við hlið Valsstelpnanna í landsliðinu. Við erum náttúrlega svekktar með Íslandsmeistarabikarinn og þær eru svekktar með bikarinn. Menn halda kannski að það sé miklu meiri persónulegur rígur en hann er. Hann er það klárlega í fótboltanum en þetta eru eðalstelpur í Val. Mórallinn í landsliðinu er góður og það er enginn efi í mér um annað en að þessi lið virki sem einn leikmaður þótt þetta séu leikmenn úr KR og Val. Það eru nefnilega klassakarakterar í þessum hópi."

Fylgist vel með þeim í stóru leikjunum

Sigurður Ragnar Eyjólfsson tilkynnti í gær 18 manna hóp fyrir Frakklandsleikinn á laugardaginn. Íslandi nægir jafntefli til þess að komast í lokaúrslit Evrópumótsins í Finnlandi 2009 en landsliðsþjálfarinn ætlar að fara til Frakklands til að vinna leikinn.

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið á möguleika á að endurskrifa sögu íslenskrar knattspyrnu þegar liðið sækir Frakkland heim á laugardaginn í lokaleik sínum í undankeppni Evrópumótsins. Með sigri eða jafntefli í leiknum eru stelpurnar komnar í úrslitakeppni EM, fyrstar A-landsliða.

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur gert tvær breytingar á hópnum. Harpa Þorsteinsdóttir kom inn fyrir Gretu Mjöll Samúelsdóttur sem sleit krossbönd og þá skipti hann um markmann þegar María Björg Ágústsdóttir kom inn fyrir Söndru Sigurðardóttur.

Sigurður Ragnar er búinn að skoða franska liðið og fór aðeins yfir það á blaðamannafundi í gær.

„Aðalatriðið með þennan leik er íslenska liðið en ekki franska liðið. Við tökum mátulega mikið af upplýsingum um franska liðið inn í okkar undirbúning. Fyrst og fremst snýst þetta um okkar lið og við ætlum að fara til Frakklands til að vinna þennan leik," sagði landsliðsþjálfarinn.

„Við ætlum að undirbúa okkur mjög vel og við fáum einn aukadag með liðið þar sem þetta er langt ferðalag. Ástandið á hópnum okkar er mjög gott og ég er mjög ánægður með formið á leikmönnum," sagði Sigurður Ragnar, sem fylgdist vel með bikarúrslitaleiknum um helgina en tveir þriðju af hópnum spiluðu í þeim leik.

„Ég var mjög ánægður með að þær komust allar heilar í gegnum bikarúrslitaleikinn. Þær gefa ekkert eftir í svona leik og það var líka bak við eyrað hjá þeim að ég fylgist mjög vel þessum stóru leikjum. Þær sem skara fram úr í þeim eiga meiri möguleika að komast í landsliðshópinn. Þær voru líka pínulítið að spila fyrir það að komast í þennan Frakklandshóp," sagði Sigurður. En ætlar hann að nota leikaðferðina sem KR var með og heppnaðist svo vel?

„KR nýtti styrkleika Hólmfríðar mjög vel í leiknum og við munum reyna að nýta okkur styrkleika íslenska liðsins og fela veikleikana okkar," sagði Sigurður.

Íslenska landsliðið hefur haldið hreinu í síðustu fjórum landsleikjum og Sigurður segir áherslurnar liggja áfram í vörninni.

„Við höfum lagt mjög mikla áherslu á varnarleikinn í öllum leikjunum okkar og það hefur gengið mjög vel því við höfum fengið mjög fá mörk á okkur. Lykillinn í þessum leik verður öflugur varnarleikur og góð markvarsla. Ég hef líka fulla trú á því að við munum skora í þessum leik."

Sigurður veit að leikurinn er stórt próf fyrir íslensku stelpurnar en hann bíður spenntur eftir því hvernig þær ráða fram úr því.

„Ekkert af þessum liðum sem við höfum spilað við á þessu ári hefur verið jafn sterkt og franska liðið. Það mun reyna meira á vörnina okkar á laugardaginn og á það hversu góðar við erum orðnar. Ég hlakka til að sjá það því þetta verður hörku áskorun og liðið okkar spilar á móti einu besta liði í heimi á útivelli í úrslitaleik."

ooj@frettabladid.is

HÓPURINN FYRIR FRAKKLAND

Edda Garðarsdóttir, KR	**Miðja**
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, KR	Vörn
Hólmfríður Magnúsdóttir, KR	**Sókn**
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, KR	Vörn
Katrín Ómarsdóttir, KR	**Miðja**
Embla Sigríður Grétarsdóttir, KR	Vörn
María Björg Ágústsdóttir, KR	**Mark**
Katrín Jónsdóttir, Val	**Vörn**
Margrét Lára Viðarsdóttir, Val	Sókn
Dóra María Lárusdóttir, Val	**Sókn**
Ásta Árnadóttir, Val	Vörn
Sif Atladóttir, Val	**Vörn**
Sara Björk Gunnarsdóttir, Breiðabl.	**Miðja**
Harpa Þorsteinsdóttir, Breiðabliki	Sókn
Þóra Björg Helgadóttir, Anderlecht	**Mark**
Dóra Stefánsdóttir, Malmö	Miðja
Erla Steina Arnardóttir, Kristianstad	**Miðja**
Rakel Hönnudóttir, Þór/KA	Sókn

ÆFÐU Í GÆR Sigurður Ragnar Eyjólfsson var með á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VEIT ALLT UM FRAKKANA Sigurður Ragnar Eyjólfsson segist vita nákvæmlega hvernig Frakkar muni leggja leikinn upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FH-ingurinn Dennis Siim spilaði gegn Keflavík þegar hann hefði með réttu átt að vera í leikbanni:

Keflvíkingar súrir og komnir með lögfræðing í málið

FÓTBOLTI Fáheyrð mistök áttu sér stað á skrifstofu KSÍ þegar það gleymdist að skrá gult spjald á FH-inginn Dennis Siim eftir leik FH og Vals 13. september síðastliðinn. Það var fjórða gula spjald Siims í sumar og hann hefði því með réttu átt að vera í leikbanni gegn Keflavík á sunnudag.

Vegna þessara mistaka gat Siim leikið gegn Keflavík, þar sem hann fékk reyndar aftur gult spjald. Hann fékk einnig gult gegn Fram þar á undan og er því kominn með sex gul í heildina án þess að vera kominn í bann sem hann verður dæmdur í á morgun þegar aganefnd hittist. Þar sem leikbönn aganefndar taka ekki gildi fyrr en á föstudegi mun Siim væntanlega geta leikið gegn Breiðablik á miðvikudag og fjölgað spjöldunum þar.

„Það lítur út fyrir að þetta hafi einfaldlega verið mannleg mistök, því miður. Sá sem sá um að slá inn skýrsluna í leik Vals og FH hefur hreinlega gleymt að slá inn spjaldið hans Siims," sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, en Jóhannes Valgeirsson, dómari leiksins, staðfesti við Vísi að hann hefði skráð spjald Siims á skýrsluna. Spjaldið hefur nú loksins verið fært til bókar í gagnagrunni Knattspyrnusambandsins.

Keflvíkingar eru að vonum frekar svekktir með að ólöglegur leikmaður skuli hafa tekið þátt í stærsta leik ársins. „Við erum mjög súrir og það er dapurt að fá þær skýringar frá KSÍ að þarna hafi verið um mannleg mistök að ræða. Við erum að fara yfir málið með lögfræðingi og í kjölfarið kemur í ljós hvort það hefur eitthvað upp á sig að kæra málið," sagði Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.

Ef rýnt er í lög KSÍ verður að teljast harla ólíklegt að Keflavík muni bera nokkuð úr býtum með því að kæra. Leikmaður er einfaldlega ekki í banni vegna gulra spjalda fyrr en aganefnd KSÍ hefur dæmt hann í bann.

Heimildir Fréttablaðsins herma að FH-ingar hafi vel gert sér grein fyrir því að Siim hefði átt að vera kominn í leikbann en hafi ekkert verið að vasast yfir þeirri staðreynd enda ekki í þeirra verkahring að dæma menn í leikbönn. - hbg

DENNIS SIIM Gæti verið kominn með átta spjöld á bakið áður en hann fer í bann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

40%

TRYGGVI GUÐMUNDSSON Fékk gult spjald fyrir þessa tilburði er hann skoraði sitt 100. mark í efstu deild.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tryggvi um fagnið:

Lítill púki sagði mér að dansa

FÓTBOLTI Síðustu tvö fögn Tryggva Guðmundssonar hafa verið dýrt spaug því hann fékk gult fyrir þau bæði og er þar með kominn í leikbann. Hann mun því missa af síðasta leik FH í deildinni um næstu helgi.

Fyrra spjaldið fékk Tryggvi fyrir að fagna hundraðasta markinu sínu gegn Val. Hann lyfti þá upp keppnistreyju sinni og sýndi stuðningsmönnum FH bol með rómverska tölustafnum C.

Svo fékk hann gult gegn Keflavík eftir að hafa lagt upp sigurmarkið. Í stað þess að fagna með félögum sínum tók Tryggvi léttan dans í teignum fyrir framan leikmenn Keflavíkur, sem var ekki skemmt.

„Ég hef áður sagt að keppnisskapið á það til að koma mér í vandræði innan vallar. Ég var ekkert að spá en það var einhver lítill púki inni í mér sem sagði mér að dansa," sagði Tryggvi, sem segir það hafa verið rétt hjá Kristni Jakobssyni dómara að spjalda sig fyrir hegðunina.

„Ég sá strax eftir þessu og sé enn eftir þessu. Ég reyndi að biðja hlutaðeigandi afsökunar eftir leik. Ástæðan fyrir þessu fagni var annars sú að það fór í taugarnar á mér að Keflvíkingar skyldu fagna öðru markinu sínu eins og þeir væru orðnir meistarar. Það afsakar samt ekki þessa hegðun hjá mér," sagði Tryggvi og bætti við í léttum tóni að hann íhugaði þessa dagana að hætta alfarið að fagna mörkum.

„Annars er ég ekkert farinn að hugsa um leikinn sem ég missi af. Á undan er mjög erfiður leikur gegn Blikum sem ég get tekið þátt í og þar ætla ég að leggja mitt af mörkum svo við eigum von um næstu helgi."

- hbg

dagskrá

> Jon Stewart

„Ef ég væri ekki með þáttinn, sæti ég líklegast heima öll kvöld á nærfötunum, öskrandi að sjónvarpinu: „Þetta er rugludallur sem veit ekkert hvað hann er að tala um.““

Stewart stjórnar þættinum The Daily Show: Global Edition þar sem hann fjallar um það helsta sem er að gerast í fréttum og stjórnmálum. Þáttur hans er sýndur á Stöð 2 í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR LÆRIR AF SJÓNVARPINU

Farið varlega í að reyna við vinnufélaga

Á níunda áratug síðustu aldar óðu uppi tveir ungir folar sem sköpuðu sér nafn við að flytja tónlist fyrir heimsbyggðina. Kölluðu þeir sig Wham! Heimurinn tók þeim opnum örmum, enda einkenndi blanda af gleði og trega tónsmíðar þeirra og flutning. Í dag er þeirra minnst fyrir tónlist sína en þó ekki síður fyrir afar öfluga ímyndarsköpun sem fór að miklu leyti fram í gegnum tónlistarmyndbandsmiðilinn.



Í laginu Club Tropicana kyrja þeir óð til skemmtimenningar þeirrar sem tíðkast á suðrænum stöðum; í texta lagsins er vísað í fjör, sólskin og ókeypis drykki fyrir alla. Lagið væri þó heldur auðgleymanlegt ef því fylgdi ekki hressandi myndband sem sýnir áhorfendum hversu gaman það er að ærslast í sólinni með kátu og myndarlegu fólki. Myndbandið samanstendur af hverju atriðinu á fætur öðru þar sem léttklætt fólk spókar sig undir pálmatrjám, á sundlaugarbökkum, í sturtu, á ströndinni (sem er reyndar frekar ruglandi þar sem í texta lagsins kemur skýrt fram að sólarhótel þeirra Wham!-liða er fjarri sjónum) og í töffaralegum jeppa.

En myndbandið er aðallega markvert fyrir hinn mjóa vísi að söguþræði sem greypir það í minni áhorfenda. Myndbandið hefur sumsé upphaf, miðbik og óvæntan endi, en þetta kemur ekki í ljós fyrr en undir lokin. Þá situr áhorfandinn eftir ráðvilltur og hvumsa eins og viðskiptamaður á Wall Street og óskar þess heitast að geta horft á myndbandið aftur til þess að meðtaka söguþráðinn til fullnustu. Þeir Wham!-liðar reynast nefnilega vera, í myndbandinu það er að segja, flugmenn og píurnar sem þeir eltust við allt myndbandið eru flugfreyjur og þau vinna öll saman í stórri flugvél! Úff, sannarlega mikilvæg skilaboð þarna á ferð enda vita allir hvað stemningin á vinnustöðum getur verið þvinguð eftir átakamikið djamm. Það borgar sig að ganga hægt um gleðinnar dyr, með vinnufélögunum í það minnsta.

EKKI MISSA AF

▶ **18.55 Man. Utd og Middlesbrough BEINT** STÖÐ 2 SPORT

▶ **21.10 Chuck** STÖÐ 2

▶ **21.15 Smallville** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.50 In Plain Sight NÝTT** SKJÁREINN

▶ **22.25 Vincent** SJÓNVAPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.05 Sportið (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.15 Táknmálsfréttir
17.25 Púkka
17.50 Latibær Þáttaröð um Íþróttaálfinn, Glanna glæp, Sollu stirðu og vini þeirra í Latabæ. (e)
18.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Everwood (14:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk: Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.
21.05 Park Lane - Draumabíllinn (Park Lane - Drömmen om det ypperste) Norsk mynd um konu sem gerir upp fornbíla og þykir færari en aðrir í þeirri kúnst.
22.00 Tíufréttir
▶**22.25 Vincent** (Vincent II) (3:4) Breskur spennumyndaflokkur um hörkutólið Vincent Gallagher sem er einkaspæjari og fyrrverandi lögreglumaður. Fólk leitar til hans þegar öll sund virðast lokuð og málin sem hann fær til úrlausnar eru af margvíslegum toga. Aðalhlutverk: Ray Winstone, Suranne Jones, Joe Absolom og Eva Pope.
23.35 Njósnadeildin (Spooks) (1:10)(e)
00.30 Kastljós (e)
01.15 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Lotta flytur að heiman
10.00 The Perfect Man
12.00 Employee of the Month
14.00 In Good Company
16.00 Lotta flytur að heiman
18.00 The Perfect Man
20.00 Employee of the Month Gamanmynd um vinnufélaga sem keppa um titilinn starfsmaður mánaðarins til að ganga í augun á stelpu sem leikin er af Jessicu Simpson.
22.00 The Jewel of the Nile
00.00 My Super Ex-Girlfriends
02.00 Kuffs
04.00 The Jewel of the Nile
06.00 Saved!

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Ben 10 og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (154:300)
10.15 Missing (18:19)
11.10 60 Minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Mrs. Doubtfire
15.00 Friends (15:23)
15.30 Sjáðu
15.55 Saddle Club
16.18 Ginger segir frá
16.43 Justice League Unlimited
17.03 Ben 10
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (4:22)
19.55 Friends (17:24)
20.20 Two and a Half Men (8:19)
20.45 The Big Bang Theory (6:17) Leonard og Sheldon eru eldklárir eðlisfræðingar og þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þetta breytist þó þegar þeir kynnast nágranna sínum, Penny, sem er einlæg, fögur og skemmtileg.
▶**21.10 Chuck** (4:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með hvíla örlög heimsins á herðum hans.
21.55 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (2:9)
22.40 The Daily Show: Global Edition Jon Stewart í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber hverju sinni.
23.05 60 minutes
23.50 Pizza My Heart
01.15 Ghost Whisperer (44:44)
02.00 Mrs. Doubtfire
04.00 Medium (4:22)
04.45 Chuck (4:13)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.15 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
17.55 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
▶**18.55 Enski deildarbikarinn** Bein útsending frá leik Man. Utd og Middlesbrough í þriðju umferð enska deildarbikarsins.
20.55 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
21.25 Einvígið á Nesinu Sýnt frá Einvíginu á Nesinu þar sem 10 bestu kylfingar leiks mæta til leiks.
22.20 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
23.15 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik í þriðju umferð enska deildarbikarsins.

SPORT 2 *enski boltinn*

16.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Sunderland og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
18.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
18.30 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
19.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik WBA og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
20.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
22.20 English Premier League
23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.20 Vörutorg
17.20 America´s Funniest Home Videos (e)
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Singing Bee (e)
20.10 Frasier (10:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.
20.35 Less Than Perfect Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna.
21.00 Innlit / útlit - NÝTT
▶**21.50 In Plain Sight - NÝTT** Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary elskar starfið og er tilbúin til að leggja ýmislegt á sig fyrir fólkið sem hún á að vernda. Í fyrsta þættinum er sonur mafíósa myrtur. Mafíósinn er í vitnaverndinni eftir að hafa samþykkt að vitna gegn sínum gömlu félögum. Nú þarf Mary að komast að því hvort mafían sé búin að finna hann og standi á bak við morðið eða hvort það eigi sér aðrar skýringar.
23.20 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
00.10 C.S.I. New York (e)
01.00 Vörutorg
02.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.55

Terminator: The Sarah Connor Chronicles

Sjónvarpsþáttaröð byggð á einum vinsælasta kvikmyndabálki sögunnar, Terminator-myndunum. Þáttaröðin tekur upp þráðinn þar sem önnur myndin skildi við. Sarah Connor og sonur hennar, John, eru enn á stöðugum flótta undan valdagráðugum vélmennum framtíðarinnar. Þau hafa verið forrituð til þess eina verkefnis að koma syninum, sjálfum byltingar- og frelsisleiðtoga framtíðarinnar, fyrir kattarnef og afstýra þar með uppreisn mannkynsins gegn vélakyninu. John getur því aldrei lifað eðlilegu lífi unglingsins því hann lifir í stöðugum ótta við að vélmenni úr framtíðinni vilji hann feigan.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Innlit/útlit – NÝTT

Skjár einn kl. 21.00

Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Boðið verður upp á ýmsar nýjungar í vetur og fólk aðstoðað við að breyta og bæta heimili sitt. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stakir sokkar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stef
15.03 Útvarpssagan: Dyr standa opnar
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Lostafulli listræninginn
21.00 Í heyranda hljóði
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Fimm fjórðu
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (21:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (22:260)
17.00 Seinfeld
17.30 Ally McBeal (14:23)
18.15 Smallville (6:20)
19.00 Hollyoaks (21:260)
19.30 Hollyoaks (22:260)
20.00 Seinfeld Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
20.30 Ally McBeal (14:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál sem eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶**21.15 Smallville** (6:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
22.00 So You Think You Can Dance (22:23) Dansæðið er hafið á ný. Frá framleiðendum American Idol kemur fjórða þáttaröðin af So You Think You Can Dance og hefur hún aldrei verið vinsælli.
23.25 So You Think You Can Dance
00.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Íbúðalánasjóður er í brennidepli.
21.00 Mér finnst... Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Radikale Venstres landsmøde **12.00** Zanzibar - drømmen om paradiset **12.20** Skibet skal sejle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** SPAM 2008 **14.30** Den sidste jagt **14.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **15.00** Lucky Luke **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** I fremmed fængsel **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander **21.30** Sommer **22.30** Seinfeld

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Familien **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Hund i huset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Ansikt til ansikt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Ekstremværsveip **21.30** Heroes **22.10** Løvebakken **22.35** 4.4.2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.05** Kulturnytt **23.15** Ekstremvær jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Hockeykväll **10.35** Toppform **11.35** Nils Holgerssons underbara resa **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Lilla sportspegeln **15.00** Lilla blåa draken **15.10** Tippe **15.20** Meg och Mog **15.30** Piggley Winks äventyr **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sixties **18.30** Andra Avenyn **19.00** Videokväll hos Luuk **19.30** Mamma, pappa, barn **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Höök **22.25** Sändningar från SVT24

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Ég fór á O'Sushi í Iðuhúsinu um helgina og það er bæði ódýrt og gott. Það er skemmtilegt að velja sér af færibandinu og ekki oft sem maður fær ódýrt sushi."

Jóhann G. Jóhannsson leikari.

Jakob Frímann fórnarlamb fyndins falsara

„Það sendi mér bálreiður maður póst í morgun og sagði þetta langt út fyrir öll velsæmismörk. Að það ætti að fara að beita dagsektum... það var nokkuð sem hann gat engan veginn sætt sig við," segir Jakob Frímann Magnússon miðborgarstjóri.

Nokkrum borgarbúum hefur borist ábúðarmikið bréf, á bréfsefni Reykjavíkurborgar, undirritað af Jakobi fyrir hönd starfandi meirihluta, þar sem brýnt er fyrir borgarbúum að þeir ekki aðeins taki til í kringum sig heldur fari þeir að huga að eigin útliti jafnframt: Hugi að þyngd og daglegri umhirðu tanna, hárs og húðar, fara reglulega í hársnyrtingu og vera vel til fara auk þess sem sýna beri erlendu ferðafólki jákvætt viðmót. Í ársbyrjun verði gerð athugun á stöðu borgarbúa og í framhaldinu gefnar persónulegar ráðleggingar. „Þar með hafa allir möguleika á að snúa blaðinu við áður en hugsanlega verður gripið til dagsekta," segir í bréfinu.

Jakob segir þetta náttúrlega uppspuna, þarna sé verið að falsa og prakkarast. Hann hefur ekki hugmynd um hver skrifar né hversu mörgum hafi borist bréfið. En viðbrögð hafa verið mikil og þannig bárust honum um helgina varfærnislegar fyrirspurnir um hvort þetta væri virkilega hann. „Ég held að flestir vitibornir menn sjái nú að þarna er um spaug að ræða. En þetta er bersýnilega vel skrifandi húmoristi og vandaður í öllum sínum vinnubrögðum. Og fer huldu höfði því viðkomandi kærir sig varla um að fá á sig kæru fyrir að senda falsaðan póst, með falsaðri undirskrift með bréfsefni borgaryfirvalda," segir Jakob Frímann léttur á því. Segir þetta ekki langt frá eigin húmor – þetta sé í anda þess sem hann sjálfur hefur praktiserað en þá í talsvert þrengri hópi. - jbg

JAKOB FRÍMANN Falsarinn, sem sendi borgarbúum bréf í nafni Jakobs, er greinilega vel skrifandi og vandar vel til verka.

JÓHANNES KARL KRISTJÁNSSON: ORÐINN ÞREYTTUR Á HÓTUNUM

Er ekki Kompás-maðurinn

„Það þýðir ekkert að segja honum að ég sé ekki Kompás-maðurinn. Hann tekur það ekki sem gilt og heldur að ég sé að ljúga að honum," segir Jóhannes Karl Kristjánsson, nafni Jóhannesar Kristjáns Kristjánssonar úr fréttaskýringaþættinum Kompás.

Ókunnugur maður hringdi þrisvar í Jóhannes Karl í fyrradag og hótaði honum öllu illu. Hið sama gekk reyndar yfir hinn rétta Jóhannes og athafnamanninn Ragnar Magnússon, sem grunar Benjamín Þ. Þorgrímsson um verknaðinn. Í Kompási í gærkvöldi var fjallað um handrukkara og átök sem áttu sér stað á milli Benjamíns og Ragnars í sumar. Benjamín fór fram á lögbann á þáttinn en þeirri kröfu var hafnað. Eftir það tóku hótanirnar að berast, þar á meðal til hins blásaklausa Jóhannesar Karls.

„Hann kynnti sig ekki en þetta var alltaf sami maðurinn sem hringdi. Hann fór að tala um að þetta gengi ekki upp sem Jóhannes hefði verið að gera í Kompás og ég skyldi fara að passa mig, annars hlyti ég verra af," segir Jóhannes Karl.

Eftir að hafa neitað því staðfastlega að vera Jóhannes í Kompás lét maðurinn ekki segjast og hringdi í nágranna Jóhannesar Karls sem staðfestu að hann héti vissulega Jóhannes K. Kristjánsson. Hringdi maðurinn þá aftur í Jóhannes Karl, sagðist vita hvar hann byggi og það þýddi ekkert fyrir hann að fela sig.

Til að gera málið enn ruglingslegra vinna bæði Jóhannes Karl og Jóhannes Kristján hjá sama fyrirtæki, 365, en sá fyrrnefndi er tæknimaður hjá Bylgjunni og Stöð 2. „Ég benti honum á að hringja í 365 og fá þannig samband við réttan Jóhannes, en hann hefur fengið númerið hjá mér í gegnum fyrirtækið," segir Jóhannes og þykir þessi ruglingur miður.

Hann er þegar búinn að tala við lögregluna en ætlar ekki að láta þar við sitja heldur ætlar hann að fjarlægja númerið sitt úr símaskránni og fá sér leyninúmer. Kemur það ekki á óvart, sérstaklega þar sem þetta er ekki í fyrsta sinn sem honum er ruglað saman við Kompás-manninn, sem sjálfur er ekki í símaskránni. „Ég hef fengið hringingar af og til en mér finnst þetta ekki ganga upp. Fyrsti þátturinn er ekki farinn í loftið og ég er strax búinn að fá þrjár hringingar."

Eftir þessa óhugnanlegu lífsreynslu ætlar hann að vera var um sig og sína fjölskyldu. „Maður veit ekki hverju þessir vitleysingar taka upp á." freyr@frettabladid.is

JÓHANNES K. KRISTJÁNSSON Jóhannes Karl Kristjánsson er tæknimaður hjá Bylgunni og Stöð 2 en ekki fréttamaður hjá Kompási. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON Jóhannes Kristján hefur lagt fram kæru til lögreglunnar vegna líflátshótana sem hann fékk.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þeir eru sjálfsagt fegnir því að hafa ekki spilað trompum sínum út á sama tíma þeir **Pálmi Guðmundsson** á Stöð 2 og **Þórhallur Gunnarsson** hjá RÚV. Dagvaktin og Svartir englar mældust með metáhorf. Samkvæmt nýjum rafrænum könnunum sáu um 120 þúsund manns Svarta engla á Ríkissjónvarpinu. En ekki er minni kátína hjá Pálma og hans fólki hjá áskriftarsjónvarpinu því á Dagvaktina horfðu um 82 þúsund manns. Þá hafa áskrifendur hjá Stöð 2 aldrei verið fleiri í september en nú og þakka menn það ekki síst Georg Bjarnfreðarsyni og félögum.

Þeir eru örugglega margir sem hefðu viljað vera fluga á bílrúðu og hlustað á gáfulegar og innihaldsríkar samræðurnar í löngum bíltúr frá Ísafirði til Reykjavíkur er **Stefán Pálsson** þáði far í borgina með séra **Ragnheiði Erlu Bjarnadóttur**. Þau voru á safnmannafundi fyrir vestan um síðustu helgi. Stefán, sem er annálað spurningaljón, segir landafræðiþekkingu Ragnheiðar Erlu, sem er einnig landsþekktur viskubrunnur og kunn fyrir þátttöku sína og yfirburðaþekkingu í ýmsum spurningaþáttum, með ólíkindum sem og þekking hennar á kirkjum landsins.

London Airwaves-tónlistarhátíðin heppnaðist ágætlega síðastliðið föstudagskvöld. Eins og kunnugt er voru nokkrir íslenskir listamenn bókaðir á hátíðina, hljómsveitirnar Steed Lord og FM Belfast auk plötusnúða. Þá átti söngkonan Dísa, **Bryndís Jakobsdóttir**, að koma fram. Hún hætti hins vegar við tónleika sína á síðustu stundu og var sárt saknað. - jbg, hdm

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. tré, **6.** í röð, **8.** innanfita í dýrum, **9.** sigti, **11.** íþróttafélag, **12.** ótti, **14.** ársgamall, **16.** kind, **17.** skel, **18.** tæfa, **20.** tveir eins, **21.** strengur.

LÓÐRÉTT
1. margskonar, **3.** umhverfis, **4.** kappræðu, **5.** dýrahljóð, **7.** land í Afríku, **10.** regla, **13.** líða vel, **15.** þraut, **16.** frændbálkur, **19.** mun.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** fura, **6.** mn, **8.** mör, **9.** sía, **11.** ík, **12.** uggur, **14.** einær, **16.** ær, **17.** aða, **18.** tík, **20.** uu, **21.** taug.

LÓÐRÉTT: **1.** ýmsu, **3.** um, **4.** rökræðu, **5.** urr, **7.** nígería, **10.** agi, **13.** una, **15.** raun, **16.** ætt, **19.** ku.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Eyjafirði.
2. Glitnir og Byr.
3. HK.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Ræstum fyrirtæki og stofnanir
Er HREINT hjá þér?
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Beggi og Pacas ferðast um Vesturland

Þeir Guðbergur Garðarsson og Inácio Pacas da Silva Filho, betur þekktir sem Beggi og Pacas, leggjast í víking um Vesturland í vikunni þar sem þeir hyggjast fræða fólk um kærleika, gleði og matseld.

„Við erum að fara að tala við fólk út frá hjartanu, um kærleikann, ástina og jákvæðnina sem er svo nauðsynleg í þessu negatíva samfélagi í dag," útskýrir Beggi. „Við ætlum að tala um lífrænan mat og hvernig maður getur eldað frá hjartanu og tengt sál og líkama saman. Tilfinningarnar sem ráða svo miklum ríkjum í okkur fléttast inn í matinn. Ef við leggjum ást og kærleika í hann bragðast hann betur," segir hann.

För þeirra Begga og Pacasar er til komin eftir að Símenntunarmiðstöð Vesturlands leitaði til þeirra um að halda erindi í þessum anda í tilefni símenntunarviku. „Við höfum aldrei gert neitt þessu líkt áður, en við vorum fljótir að segja já takk," segir Beggi og hlær. „Ef við getum gert eitthvað til að gleðja hjarta mannsins erum við til," bætir hann við. Dagskráin hófst á Búðardal í gærkvöldi, en í kvöld verða þeir Beggi og Pacas á Grundarfirði, á Akranesi á miðvikudag og ljúka ferðalaginu svo í Borgarnesi á fimmtudag. „Við erum bara mjög spenntir fyrir þessu, okkur finnst þetta voðalega spennandi og gaman," segir Beggi, sem kveðst alveg geta ímyndað sér framhald á fyrirlestrunum.

„Ég held að þetta muni bara ganga vel. Þau voru svo yndisleg að bjóða okkur þetta á Vesturlandi, en við erum alltaf til í svona gigg, svo það gæti vel verið að höfuðborgarsvæðið fái eitthvað líka í framtíðinni." - sun

FRÆÐANDI FERÐALAG Beggi og Pacas leggjast í víking um Vesturland í vikunni og kenna fólki að elda frá hjartanu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÓDÝRT Í HAGKAUP

EURO SHOPPER

VISSIR ÞÚ

að Hagkaup býður upp á mikinn fjölda Euroshopper vara á hagkvæmu verði?

Maísstönglar **65**kr/pk

Kjúklingabringur **1.308**kr/pk

Kartöflu bátar **229**kr/pk

Ávaxtasafi **129**kr/stk

Bleiur **649**kr/pk

Eldhúsrúllur **239**kr/pk

Eyrnapinnar **85**kr/pk

Bómullarskífur **95**kr/pk

Pastasósa **199**kr/stk

Brokkolí mix **269**kr/pk

Hvítlauks baguette **119**kr/pk

Súkkulaði kex **105**kr/pk

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

Tungutroð

Einkavæðing bankanna hefur sýnt okkur þann kraft sem leysist úr læðingi við það að einkaaðilar taki við rekstri. Nýsköpun og þróunarstarf þessara fyrirtækja hefur skilað þeim góðum árangri bæði hér heima og erlendis. Því ber að huga að enn frekari einkavæðingu á öðrum sviðum svo sem á sviði heilbrigðis-, mennta- og orkumála.“ Svo mæltu sjálfstæðismenn á landsþingi flokksins í apríl 2007. Tilefni þessarar upprifjunar er ekki að gera gys að gortinu um bestu frjálsu bankamenn í heimi eða að setja út á einkavæðingu, sem á mörgum stöðum á vel við, heldur minnast þess tíma þegar mátti nota orðið einkavæðing.

EINHVERRA hluta vegna var síðar ákveðið að sjálfstæðismenn væru alls ekki hlynntir einkavæðingu heldur einkarekstri, sem væri nú eitthvað allt annað og sætara en þessi einkavæðing. Ef munurinn sem á að liggja í þessum tveimur orðum hefur farið framhjá einhverjum þá felst hann í því að í einkarekstri er unnið með almannafé en í einkavæðingu með eigið fé. Hins vegar fallast ekki allir á þessa skilgreiningu.

HEIMGREIÐSLA var annað hugtak sem einhverra hluta vegna lenti á bannlista sjálfstæðismanna. Ekki get ég ímyndað mér ástæðuna fyrir því að borgarstjórnarmeðlimir virtust ægilega hissa á því að fjölmiðlar kysu að nota orðið heimgreiðsla í stað þjónustutryggingar, sem sjálfstæðismenn töldu hið eina rétta yfir fyrirbrigðið. Ég vil ekki skera úr um hvort orðið er fegurra. Hins vegar finnst mér 35 þúsund króna greiðsla sem foreldar fá þar til barnið þeirra fær leikskólaplássi úthlutað hljóma fremur eins og heimgreiðsla (einhver þarf jú að vera heima hjá barninu og fær smá greiðslu fyrir) heldur en þjónustutrygging (það felst nefnilega engin trygging á þjónustu í þessari greiðslu).

ÖNNUR dæmi um þegar reynt er að troða tungunni ofan í fjölmiðlafólk er þegar sagt er að rangt sé að tala um grun um hrottalegt ofbeldi þegar grunur leikur á að foreldri hafi kastað hnífi að barni sínu sér til skemmtunar, þegar lögregla talar um nytjastuld ökutækis í stað bílþjófnaðar og æpt er stóriðjustefna ef einhver minnist á verksmiðju. Sem betur fer lætur fjölmiðlafólk yfirleitt ekki hafa sig að fífli með því að kokgleypa svona vitleysu. Bitur reynsla af tungutaki viðskiptamanna hefur sjálfsagt kennt þeim að það hljómar ekkert gáfulegra að fjalla um neikvæðan hagvöxt, í staðinn fyrir samdrátt.

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 23. september, 267. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.14	13.20	19.24
Akureyri	6.59	13.05	19.09

Heimild: Almanak Háskólans

WWW.UU.IS

Hver borg er heimur

Sevilla – Sigrar hjarta þitt

9. - 12. október / uppselt
23. – 26. október / laus sæti
13. - 17. nóvember / uppselt
27. nóv - 1. des / uppselt

Verð frá 69.875,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Tryp Marcarena 23. október í 3 nætur.

Bilbao – Einstök og öðruvísi

16. – 20. október / 5 sæti laus
30. október – 2. nóvember / laus sæti

Verð frá 59.989,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Barcelo Avenida, 30. október í 3 nætur.

Dublin – Smávaxin stórborg

9. – 12. okt. / örfá sæti laus | 23. – 27. okt.
30. okt.– 3. nóv. / uppselt | 20. – 23. nóv.

Verð frá 69.560,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Park Inn 23. október í 4 nætur.

Madrid – Borg í fullu fjöri

6. – 9. nóvember/ örfá sæti laus

Verð frá 69.651,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Senator Gran Via, 6. nóvember í 3 nætur.

Lifandi heimsborgir taka ferðalöngum opnum örmum yfir veturinn. Úrval-Útsýn gerir þér kleift að kynnast hinum mörgu andlitum Spánar: Madrid, höfuðborginni sem aldrei sefur, Sevilla, hinu forna menningarsetri, og Bilbao í Baskalandi, þar sem listin blómstrar. Loks er það Dublin á Írlandi, þar sem má gera góð kaup og slaka á á írskum pöbbum.

Bókunarsíminn er opinn til kl. 19 alla virka daga og frá kl. 10–14 á laugardögum

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ Sími 585 4000 ~ Fax. 585 4065 ~ INFO@UU.IS ~ WWW.UU.IS